



STOLL

Notendahandbók

Verkfæri fyrirámoksturstæki
fyrir framleiðsluraðirnar ProfiLine og Solid



Hliðarfærsla
Gripkló
Greip með gripkló
Greiparskófla
UNI-greiparskófla
Förgunaraskófla

Stæðuskeri
Taðskófla
HD-fjölnotaskófla
Taðkló
Rúlluskeri
H-baggagreip

Pro H-baggagreip
Baggagreip
H-baggalyfta
Maxi-baggakló
Rúllubaggagreip

Útgáfa frá: 12/2022

Útgáfuupplýsingar

Wilhelm STOLL Maschinenfabrik GmbH

Pósthólf 1181, 38266 Lengede

Bahnhofstr. 21, 38268 Lengede

Sími: +49 (0) 53 44/20 -222

Fax: +49 (0) 53 44/20 -182

Netfang: info@stoll-germany.com

Vefsíða: www.stoll-germany.com

Pöntun varahluta

Sími: +49 (0) 53 44/20 -144 og -266

Stjórnun

Sími: +49 (0) 53 44/20 -145 og -146

Fax: +49 (0) 53 44/20 -183

Netfang: parts@stoll-germany.com

Höfundarréttur

© Wilhelm STOLL Maschinenfabrik GmbH

Öll afritun þessarar handbókar, að hluta eða í heild, er óheimil nema með leyfi Wilhelm STOLL Maschinenfabrik GmbH. Brot þar á eru skaðabótaskyld og kunna að varða við hegningarlög.

Upprunaleg útgáfa handbókarinnar er á þýsku.

Útgáfur handbókarinnar á öðrum tungumálum eru þýddar úr þýsku.

Efnisyfirlit

1	Um notkunarhandbókina	6
1.1	Yfirlit yfir skjöl	6
1.2	Notkun notendahandbókarinnar og tilgangur hennar	7
1.3	Upplýsingaplata	7
1.4	Gildissvið notendahandbókarinnar	7
1.5	Varðveisla skjala	7
1.6	Önnur skjöl sem eiga við	8
1.7	Framsetning	8
1.8	Skýring á línu í síðufæti	9
2	Öryggi	9
2.1	Útskýringar á öryggisupplýsingum og viðvörnum	9
2.2	Framsetning og uppbygging viðvarana	9
2.3	Flokkun viðvarana	9
2.4	EB-samræmisvottun	10
2.5	Rétt notkun	10
2.6	Rangnotkun sem sjá má fyrir	12
2.7	Takmarkanir á notkun	12
2.8	Mikilvægar öryggisleiðbeiningar	13
2.9	Hættusvæði	18
2.10	Hlíðarbúnaður	18
2.11	Öryggislímmiðar	19
2.11.1	Stæðuskeri	19
2.11.2	Rúlluskeri	20
2.11.3	Baggagreip	20
2.12	Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks	21
2.13	Viðbrögð í neyðartilvikum	21
2.13.1	Viðbrögð ef dráttarvél veltur	21
2.13.2	Viðbrögð við spennuyfirlagi hjá loftlínum	22
3	Verkfæri	22
3.1	Hliðarfærsla	22
3.1.1	Uppbygging og lýsing	22
3.1.2	Búnaðurinn tekinn í notkun	23
3.1.2.1	Fyrsta notkun	23
3.1.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett	25
3.1.2.3	Verkfærið sett á	25
3.1.3	Stjórnun	25
3.1.4	Verkfærið sett niður	26
3.2	Gripkló	27
3.2.1	Uppbygging og lýsing	27
3.2.2	Búnaðurinn tekinn í notkun	27
3.2.2.1	Fyrsta notkun	27
3.2.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett	28
3.2.2.3	Verkfærið sett á	29
3.2.3	Stjórnun	29
3.2.4	Verkfærið sett niður	30
3.3	Greip með gripkló	30
3.3.1	Uppbygging og lýsing	30

3.3.2	Búnaðurinn tekinn í notkun.	31
3.3.2.1	Fyrsta notkun.	31
3.3.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett.	31
3.3.2.3	Verkfærið sett á	31
3.3.3	Stjórnun	31
3.3.4	Verkfærið sett niður	31
3.4	Greiparskófla	32
3.4.1	Uppbygging og lýsing	32
3.4.2	Búnaðurinn tekinn í notkun.	32
3.4.2.1	Fyrsta notkun.	32
3.4.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett.	34
3.4.2.3	Verkfærið sett á	34
3.4.3	Stjórnun	35
3.4.4	Verkfærið sett niður	35
3.5	UNI-greiparskófla (Maxi Grapple Fork)	36
3.5.1	Uppbygging og lýsing	36
3.5.2	Búnaðurinn tekinn í notkun.	37
3.5.2.1	Fyrsta notkun.	37
3.5.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett.	37
3.5.2.3	Verkfærið sett á	37
3.5.3	Stjórnun	38
3.5.4	Verkfærið sett niður	38
3.6	Förgunarskófla	39
3.6.1	Uppbygging og lýsing	39
3.6.2	Búnaðurinn tekinn í notkun.	40
3.6.2.1	Fyrsta notkun.	40
3.6.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett.	41
3.6.2.3	Verkfærið sett á	41
3.6.3	Stjórnun	42
3.6.4	Verkfærið sett niður	42
3.7	Stæðuskeri.	43
3.7.1	Uppbygging og lýsing	43
3.7.2	Búnaðurinn tekinn í notkun.	43
3.7.2.1	Fyrsta notkun.	43
3.7.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett.	44
3.7.2.3	Verkfærið sett á	44
3.7.3	Stjórnun	45
3.7.4	Verkfærið sett niður	45
3.8	Taðskófla, HD-fjölnotaskófla og taðkló.	46
3.8.1	Uppbygging og lýsing	46
3.8.2	Búnaðurinn tekinn í notkun.	47
3.8.2.1	Fyrsta notkun.	47
3.8.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett.	49
3.8.2.3	Verkfærið sett á	49
3.8.3	Stjórnun	49
3.8.4	Verkfærið sett niður	50
3.9	Rúlluskeri.	50
3.9.1	Uppbygging og lýsing	50
3.9.2	Búnaðurinn tekinn í notkun.	51
3.9.2.1	Fyrsta notkun.	51
3.9.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett.	51

3.9.2.3	Verkfærið sett á	51
3.9.3	Stjórnun.	52
3.9.4	Verkfærið sett niður.	54
3.10	H-baggagreip	54
3.10.1	Uppbygging og lýsing	54
3.10.2	Búnaðurinn tekinn í notkun	55
3.10.2.1	Fyrsta notkun	55
3.10.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett	55
3.10.2.3	Verkfærið sett á	55
3.10.3	Stjórnun.	56
3.10.4	Verkfærið sett niður.	57
3.11	Pro H-baggagreip.	58
3.11.1	Uppbygging og lýsing	58
3.11.2	Búnaðurinn tekinn í notkun	59
3.11.2.1	Fyrsta notkun	59
3.11.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett	60
3.11.2.3	Verkfærið sett á	60
3.11.3	Stjórnun.	60
3.11.4	Verkfærið sett niður.	60
3.12	Baggagreip.	61
3.12.1	Uppbygging og lýsing	61
3.12.2	Búnaðurinn tekinn í notkun	61
3.12.2.1	Fyrsta notkun	61
3.12.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett	63
3.12.2.3	Verkfærið sett á	63
3.12.3	Stjórnun.	63
3.12.4	Verkfærið sett niður.	64
3.13	Maxi-baggakló	64
3.13.1	Uppbygging og lýsing	64
3.13.2	Búnaðurinn tekinn í notkun	64
3.13.2.1	Fyrsta notkun	64
3.13.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett	65
3.13.2.3	Verkfærið sett á	65
3.13.3	Stjórnun.	65
3.13.4	Verkfærið sett niður.	66
3.14	Rúllubaggagreip.	66
3.14.1	Uppbygging og lýsing	66
3.14.2	Búnaðurinn tekinn í notkun	67
3.14.2.1	Fyrsta notkun	67
3.14.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett	67
3.14.2.3	Verkfærið sett á	67
3.14.3	Stjórnun.	68
3.14.4	Verkfærið sett niður.	68
3.15	H-baggalyfta.	69
3.15.1	Uppbygging og lýsing	69
3.15.2	Búnaðurinn tekinn í notkun	70
3.15.2.1	Fyrsta notkun	70
3.15.2.2	Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett	70
3.15.2.3	Verkfærið sett á	70
3.15.3	Stjórnun.	71
3.15.4	Verkfærið sett niður.	72

4	Úrræðaleit vegna bilana	72
5	Viðhald	74
5.1	Þrif og umhirða	75
5.1.1	Smurstaðir	75
5.1.2	Smuráætlun	79
5.2	Viðhald	79
5.2.1	Viðhaldsáætlun	79
5.2.2	Leiðbeiningar um viðhald á glussalögnum	80
5.3	Viðgerðir	80
6	Búnaðurinn tekinn úr notkun	81
6.1	Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið	81
6.2	Búnaðurinn tekinn aftur í notkun	82
6.3	Búnaðurinn tekinn úr notkun fyrir fullt og allt og honum fargað	82
7	Varahlutir og þjónustudeild	83
7.1	Varahlutir	83
7.2	Þjónustudeild	83
8	Tæknilegar upplýsingar	83
8.1	Mál og þyngd	83
8.1.1	Hliðarfærsla	83
8.1.2	Gripló	84
8.1.3	Greip með gripló	84
8.1.4	Greiparskófla	84
8.1.5	UNI-greiparskófla (Maxi Grapple Fork)	84
8.1.6	Förgunarskófla	84
8.1.7	Stæðuskeri	84
8.1.8	Taðskófla, HD-fjölnotaskófla og taðkló	85
8.1.9	Rúlluskeri	85
8.1.10	H-baggagreip	85
8.1.11	Pro H-baggagreip	85
8.1.12	Baggagreip	85
8.1.13	Maxi-baggakló	86
8.1.14	Rúllubaggagreip	86
8.1.15	H-baggalyfta	86
8.2	Hávaði	86
8.3	Hersluátak fyrir skráfur	87
9	Samræmisyfirlýsing	88
	Index	90

1 Um notkunarhandbókina

1.1 Yfirlit yfir skjöl

Boðið er upp á margvíslegar leiðbeiningar og tækniupplýsingar fyrir ámoksturstækið, festingarsett og fylgihluti. Flestar upplýsingarnar eru í boði á fjölmörgum tungumálum.

Ef leiðbeiningar vantar eða óskað er eftir þeim á öðru tungumáli:

- Pantið leiðbeiningarnar hjá söluaðila.
- Sækja má leiðbeiningarnar án endurgjalds á vefsíðunni www.stoll-germany.com.

Uppsetningarleiðbeiningar festingarsetts fyrir ámoksturstæki



Setja verður festingarsettið, vökvabúnaðinn og rafbúnaðinn upp á viðurkenndu verkstæði.

Uppsetningarleiðbeiningarnar lýsa uppsetningu á festingarsetti ámoksturstækisins og á vökva- og rafbúnaði allt þar til ámoksturstækið er tekið í notkun. Þær eru ætlaðar fyrir viðurkennd verkstæði.

Uppsetningarleiðbeiningarnar eru gerðar sérstaklega fyrir viðkomandi gerð dráttarvélar. Þær innihalda engar upplýsingar sem finna má í notendahandbókinni.

Uppsetningarleiðbeiningarnar hafa að geyma upplýsingar um varahluti fyrir áfestingarhluta og útbúnað sem passar sérstaklega fyrir dráttarvélinu.

Notendahandbók ámoksturstækisins

Notendahandbókin lýsir öruggri meðhöndlun ámoksturstækisins frá því það er tekið í notkun og þar til því er fargað. Hún er ætluð fyrir rekstraraðilann og notendur ámoksturstækisins.

Notendahandbókin er gerð sérstaklega fyrir ámoksturstækjalínuna og getur því aðeins að takmörkuðu leyti tekið tillit til útbúnaðar sem er sérstaklega lagaður að dráttarvélinni.

Varahlutalistar

Í varahlutalista ámoksturstækisins er að finna pöntunarupplýsingar fyrir varahluti ámoksturstækjalínunnar og aukabúnað. Ekki er tekið tillit til sérstakra breytinga fyrir dráttarvélinu.

Auk þess eru varahlutalistar fyrir ámoksturstækisverkfæri í boði.

Notendahandbók fyrir ámoksturstækisverkfæri

Notendahandbókin lýsir þeim verkfærum sem eru í boði fyrir viðkomandi ámoksturstækjalínu.

Frekari skjöl

Auk áðurnefndra leiðbeininga getur verið að uppsetningar- og notkunarleiðbeiningar og aðrar tæknilegar upplýsingar séu í boði sem fjalla um sérstakan fylgibúnað eða aðrar upplýsingar sem ekki er tekið tillit til í hinum skjölunum.



Ef ámoksturstækið eða dráttarvél með áfestu ámoksturstæki er afhent öðrum skal einnig láta öll viðeigandi skjöl fylgja með. Næsti eigandi þarf á þessum upplýsingum að halda.

1.2 Notkun notendahandbókarinnar og tilgangur hennar


Þessi notendahandbók hefur að geyma mikilvægar upplýsingar um öryggi við notkun sem og um réttan, hagkvæman og snurðulausan rekstur ámoksturstækjaverkfæra frá Wilhelm STOLL Maschinenfabrik GmbH. Hún er ætluð til að aðstoða rekstraraðila og notendur ámoksturstækjaverkfæra við að forðast hættur og skemmdir, koma í veg fyrir bilanir og auka endingu verkfæranna.

Lesið verður notendahandbókina vandlega áður en verkfærin eru tekin í notkun.

Til þess að gera textann læsilegri verður Wilhelm STOLL Maschinenfabrik GmbH hér eftir kallað „STOLL“.

1.3 Upplýsingaplata

Á verkfærunum er gerðarskilti.

Designed by STOLL GmbH D 38268 Lengede Germany	
	Type xx 1 xxxxxxxxxx
	Item-No. xxxx 2 x
	Weight xx 3 x kg Year x 4 x Hydr.Pres. x 5 x bar
	Serial-No. xx 6 xxx
Made in xx 7 xxx	

B02W

Mynd 1 Gerðarskilti á verkfæri

Skýring

- 1 Gerð verkfæris (t.d. rúlluskeri)
- 2 Auðkennisnúmer
- 3 Þyngd
- 4 Framleiðsluár
- 5 Leyfilegur þrýstingur á vökvakerfi (ekki á öllum verkfærum)
- 6 Raðnúmer
- 7 Framleiðsluland (t.d. „ROK Republic of Korea“)

1.4 Gildissvið notendahandbókarinnar

Notendahandbókin á eingöngu við fyrir þau STOLL Global- og Profi-verkfæri sem eru tilgreind í 2.5 *Rétt notkun* og eru hér eftir nefnd „verkfæri“. Upplýsingar um gerð verkfæris koma fram á gerðarskiltinu.

Í notendahandbókinni er fjallað um alla íhluti og eiginleika gerðanna.

1.5 Varðveisla skjala

Notendahandbókin fylgir vinnuvélinni. Geyma skal öll fylgiskjöl, þ.e. þessa notendahandbók og aðrar leiðbeiningar sem fylgja með, innan seilingar á öruggum og þurrum stað á dráttarvélinni. Ef ámoksturstækið er leigt eða selt öðrum skulu öll skjölin fylgja með.

1.6 Önnur skjöl sem eiga við

Eftirfarandi skjöl gilda til viðbótar við notendahandbókina:

- Notendahandbók dráttarvélarinnar
- Notendahandbók ámoksturstækisins

Við notkun og viðhald verkfærisins skal jafnframt fylgja:

- viðurkenndum fagreglum um öryggi og rétt vinnubrögð,
- lögum og reglum um slysavarnir,
- lögum og reglum um hollustuhætti og umhverfisvernd,
- gildandi reglum í landi rekstraraðila/notanda verkfærisins,
- tilmælum sem eiga við fyrir nýjustu tækni,
- umferðarreglum.

1.7 Framsetning

Í notendahandbókinni eru notuð eftirfarandi tákn og merkingar í texta:



Viðvörðunartákn, notað í öryggisupplýsingum og með mismunandi hætti eftir því um hvernig hættu er að ræða (sjá 2 Öryggi)







Frekari upplýsingar og ábendingar

- Atriði í lista
- ➔ Skilyrði fyrir röð aðgerða
- ✘ Nauðsynlegt verkfæri
- (1) Aðgerð í talnaröð
- ✓ Niðurstaða einnar eða fleiri aðgerða
- Aðgerð án talnaraðar

Auk þess eru notaðar stílfærðar teikningar með strikum. Til þess að gera upplýsingarnar aðgengilegri og auðskiljanlegri eru sumar myndir dæmigerðar, einfaldaðar eða með aðskildum hlutum.

- Gætið að eftirfarandi:
 - Ekki er alltaf nauðsynlegt að taka búnaðinn í sundur fyrir viðkomandi lýsingu.
 - Ekki eru sýndar mismunandi útfærslur á myndum, nema annað sé tekið sérstaklega fram.
 - Með myndum fylgir alltaf viðeigandi skýringartexti.
 - Framsetning mynda er með eftirfarandi hætti:

Framsetning	Merking
	Gulur litur auðkennir íhlutina sem fjallað er um hverju sinni.
	Atriðisnúmer vísa til samstæða eða einstaka íhluta. Alltaf fylgir skýringartexti fyrir atriðisnúmer á hverri mynd.
	Stækkunargler eru notuð til að draga fram tiltekin atriði.
	Örvar eru notaðar til að sýna átt hreyfingar eða aðgerð sem á að framkvæma.

1.8 Skýring á línu í síðufæti

Línan í síðufætinum er samsett á eftirfarandi hátt:

1234567	A12XYZ	0000001234	DE	123
①	②	③	④	⑤

Mynd 2 Skýring á línu í síðufæti

Skýring

- 1 Númer skjals (pöntunarnúmer)
- 2 Gerð leiðbeininga
- 3 Innra kerfisnúmer
- 4 Auðkenni tungumáls
- 5 Útgáfa

2 Öryggi

2.1 Útskýringar á öryggisupplýsingum og viðvörnum

Í öryggisupplýsingunum koma fram leiðbeiningar um hvernig nota skal ámoksturstækið og verkfærin fyrir ámoksturstækið á öruggan hátt og viðhalda rekstraröryggi þeirra.

Viðvaranir tengdar aðgerðum vara við hættu sem kann að vera fyrir hendi þegar um hættulega röð aðgerða er að ræða.

2.2 Framsetning og uppbygging viðvarana

Viðvaranirnar tengjast aðgerðum og eru með eftirfarandi uppbyggingu:

⚠ HÆTTA

Tegund og orsök hættu!

Skýring á tegund og orsök hættu.

- ▶ Ráðstafanir til að forðast hættu.

2.3 Flokkun viðvarana

Viðvaranir eru flokkaðar eftir vægi með tilheyrandi viðvörunarorðum og viðvörunartáknum:

⚠ HÆTTA

Bráð lífshætta eða hættu á alvarlegum meiðslum.

⚠ VIÐVÖRUN

Möguleg lífshætta eða hættu á alvarlegum meiðslum.

⚠ VARÚÐ

Hætta á óverulegum meiðslum.

ATHUGIÐ

Skemmdir á tæki eða umhverfi þess.

2.4 EB-samræmisvottun

STOLL-verkfæri samræmast véltilskipun 2006/42/EB.

2.5 Rétt notkun

Verkfærin sem hér er fjallað um eru eingöngu ætluð til notkunar á dráttarvélum með ámoksturstæki í landbúnaði eða skógrækt og eru ætluð:

- til tengingar og notkunar á dráttarvélum með STOLL-ámoksturstækjum af gerðunum ProfiLine og Solid sem og á dráttarvélum með ámoksturstækjum sem STOLL viðurkennir,
- til hefðbundinnar notkunar (sjá hér fyrir neðan),
- til notkunar innan tilgreindra marka (sjá 8 *Tæknilegar upplýsingar*),
- til þess að vera stjórnað úr ökumannssæti.

Sjá einnig það sem fram kemur um fyrirhugaða notkun og tæknilegar upplýsingar í notendahandbók ámoksturstækisins.

Ekki má nota verkfærin nema að þau séu í fullkomnu lagi. Ef bilanir koma upp sem skapað geta hættu skal tafarlaust láta gera við þær á viðurkenndu verkstæði.

Ekki má nota verkfærin við vinnu þar sem standa þarf hjá byrðinni þegar ámoksturstækini er lyft! Aðeins má framkvæma slíka vinnu þegar ámoksturstækið er búið sigvörn (sjá notendahandbók ámoksturstækisins).

Ekki má nota ámoksturstækið og verkfæri þess á sama tíma og önnur vökvaknúin tæki á dráttarvélinni.

Til fyrirhugaðrar notkunar telst jafnframt að lesa og fara eftir notendahandbókinni, tilheyrandi viðbótarleiðbeiningum, öðrum skjölum sem eiga við sem og öryggisupplýsingum. Til þess að tryggja rekstraröryggi verður að gæta þess að viðhaldi og viðgerðum sé sinnt með tilskildum hætti og á tilskildum tímum. Öll önnur notkun telst vera röng.

Fyrirhuguð notkun hliðarfærslu

Hliðarfærslan er ætluð til að flytja og færa til vörubretti og byrðina sem á þeim hvílir.

Færslueiginleikinn er eingöngu ætlaður til að koma vörubrettum betur fyrir þegar þau eru flutt eða sett niður og ekki má nota hann meðan á flutningi stendur.

Hliðarfærslan er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun á gripkló

Gripklóin (vörunúmer 3548990) er aukabúnaður fyrir STOLL-brettagaffla HD (vörunúmer 3583680, 3583700, 3583710) og HS1500 (vörunúmer 3430830, 3434900) og má eingöngu nota hana með einhverjum þessara bretttagaffla.

Gripklóin er ætluð til að taka upp, hlaða og flytja trjáboli, óskornar greinar og runna. Einnig má nota gripklóna til að halda fyrirferðarmiklum hlutum föstum á göfflum.

Þegar gripklóin er sett upp á bretttagöfflum breytist fyrirhuguð notkun þeirra með þeim hætti að ekki er lengur hægt að flytja vörubretti.

Þunginn á göfflum má ekki vera yfir leyfilegum mörkum!

Fyrirhuguð notkun greipar með gripkló

Greipin með gripklónni er ætluð til að taka upp, hlaða, stafla upp og flytja trjástofna.

Greipin með gripklónni er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun greiparskóflu

Greiparskóflan er ætluð til að taka votthey og votverkaðan maís úr stæðu.

Þegar yfargreipin er opin er einnig hægt að nota skófluna sem alhliða skóflu upp að vissu marki (sjá ROBUST U).

Greiparskóflan er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun UNI-greiparskóflu (Maxi Grapple Fork)

UNI-greiparskóflan er ætluð sem alhliða verkfæri til að slétta úr, grípa um, hlaða og flytja efni sem er laust í sér. Einnig er hægt að taka upp og flytja bagga og álíka byrðar í viðeigandi stærð.

UNI-greiparskóflan er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun förgunaraskóflu

Förgunaraskóflan er ætluð til að taka upp, hlaða og flytja trjáboli, óskornar greinar og runna.

Með hliðarplötum og opinni yfirgreip er einnig hægt að nota förgunaraskófluna sem alhliða skóflu upp að vissu marki (sjá ROBUST U).

Förgunaraskóflan er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun stæðuskera

Stæðuskerinn er ætlaður til að skera blokkir úr stæðum með votfóðri.

Stæðuskerinn er ætlaður til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun taðskóflu, taðklóar og HD-fjölnotaskóflu

Taðskóflan, taðklóin og HD-fjölnotaskóflan eru ætlaðar til að taka upp, hlaða og flytja húsdýraábúð, moltu, runna, votfóður og álíka.

Taðskóflan, taðklóin og HD-fjölnotaskóflan eru ekki ætlaðar til að taka upp hluti á borð við eldivið eða grjót, því þeir geta klemmst á milli tindanna og beyglað þá.

Taðskóflan, taðklóin og HD-fjölnotaskóflan eru ætlaðar til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun rúlluskera

Rúlluskerinn er ætlaður til að skera í sundur votheys-, hálm- og heybagga.

Hámarks lengd bagga: 1,3 m

Hámarksþvermál bagga: 1,55 m

Rúlluskerinn er ætlaður til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun H-baggagreipar

H-baggagreipin er ætluð til að hlaða og flytja rúllubagga í plastfilmu og stífpressaða bagga án plastfilmu. Aðeins má taka upp einn bagga í einu.

Hentar fyrir:

- Rúllubagga sem eru 1,0 m til 1,8 m í þvermál
- Ferkantaða bagga með allt að 1,6 m brúnalengd

H-baggagreipin er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun Pro H-baggagreipar

Pro H-baggagreipin er ætluð til að hlaða og flytja rúllubagga í plastfilmu og stífpressaða bagga án plastfilmu. Aðeins má taka upp einn bagga í einu.

Breidd bagga: 0,8 m til 2 m

Pro H-baggagreipin er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun baggagreipar

Baggagreipin er ætluð til að hlaða og flytja rúllubagga í plastfilmu og stífpressaða bagga án plastfilmu. Aðeins má taka upp einn bagga í einu.

Hentar fyrir:

- Rúllubagga sem eru 0,8 m til 1,4 m í þvermál
- Ferkantaða bagga með allt að 1,2 m brúnalengd

Baggagreipin er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun Maxi-baggaklóar

Maxi-baggaklóin er ætluð til að hlaða og flytja bundna stífpressaða bagga úr heyi, hálmi eða álíka.

Hentar fyrir:

- Rúllubagga sem eru allt að 1,6 m í þvermál
- Ferkantaða bagga með allt að 1,6 m brúnalengd

Maxi-baggaklóin er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun rúllubaggagreipar

Rúllubaggagreipin er ætluð til að hlaða og flytja stífpressaða bagga úr heyi, hálmi eða álíka. Aðeins má taka upp einn bagga í einu.

Rúllubaggagreipin er eingöngu ætluð fyrir rúllubagga, ekki fyrir ferkantaða bagga!

Hentar fyrir:

- Rúllubagga sem eru 0,8 m til 1,8 m í þvermál

Rúllubaggagreipin er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Fyrirhuguð notkun á H-baggalyftu

H-baggalyftan er ætluð til að hlaða, flytja og stafla stífpressuðum böggum úr heyi, hálmi eða álíka.

H-baggalyftan er ætluð til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

2.6 Rangnotkun sem sjá má fyrir

Forðist eftirfarandi:

- Að nota verkfærin á hjólaskóflum eða liðléttingum
- Að öxulþungi og heildarþyngd dráttarvélar fari yfir leyfileg mörk
- Notkun við aðrar aðstæður og önnur skilyrði en tilgreind eru í tæknigögnum og fylgiskjöllum
- Að aka með fólk
- Að aka með byrði sem er ekki í samræmi við fyrirhugaðan tilgang verkfæranna
- Að aka með byrði á almennum vegum
- Að aka með lausan farm (t.d. hellur á brettum)

2.7 Takmarkanir á notkun

- Gætið að eftirfarandi notkunarskiptingum og kröfum til umhverfisins þar sem tækið er notað:
- Ef þörf krefur skal gæta þess að hitastigið sé innan marka fyrir dráttarvélin (sjá notendahandbók dráttarvélarinnar).
- Burðargeta hjólbarða og framöxuls á dráttarvél þarf að vera nægileg.

2.8 Mikilvægar öryggisleiðbeiningar

Í mikilvægum öryggisleiðbeiningum eru teknar saman allar öryggisráðstafanir og eiga þær því ávallt við. Leiðbeiningarnar koma einnig fram sem öryggisupplýsingar á viðeigandi stöðum í notendahandbókinni.



Verkfærin eru ætluð til notkunar með STOLL-ámoksturstækjum af gerðinni ProfiLine eða Solid. Farið eftir öryggisupplýsingum í notendahandbók ámoksturstækisins.

Helsta hætta



Hætta er á banaslysum ef ámoksturstækið er notað til að lyfta fólki eða aka með það. Ámoksturstækið býr ekki yfir nauðsynlegum öryggisbúnaði til að nota það með vinnukörfum.

- Bannað er að nota ámoksturstækið til að lyfta fólki eða aka með það.

Hætta vegna vélbúnaðar



Hætta er á að efri og neðri útlimir klemmist á milli og verði fyrir höggi vegna grindarhluta sem standa út og hreyfanlegra hluta á vinnuvélinni.

- Veita skal starfsfólki tilsögn í réttari notkun vinnuvélarinnar og fræða það um þær hættur sem af henni geta stafað.
- Vísa skal fólki af hættu- og athafnasvæði vinnuvélarinnar.
- Ef þörf krefur skal nota viðeigandi hlífðarbúnað þegar unnið er að viðhaldi.



Hætta er á banaslysum vegna óvæntra hreyfinga dráttarvélar, ámoksturstækis og verkfæra.

- Vísa skal fólki af hættu- og athafnasvæði vinnuvélarinnar.
- Ekki má notast við aðstoðarmenn (t.d. til þess að halda við girðingarstaura sem reka á niður í jörðina með ámoksturstækinu), heldur skal vísa öllu fólki af athafnasvæði vinnuvélarinnar.
- Ef sigvörn er ekki fyrir hendi má annar aðili ekki aðstoða við frágang byrðar nema að ámoksturstækið hafi verið sett niður.
- Gæta verður þess að undirlagið sé nægilega slétt og að dráttarvélina sé stöðug þegar ámoksturstækið er sett á og tekið af eða þegar gengið er frá byrði.
- Stjórnin verður ámoksturstækinu í öikumannssæti dráttarvélarinnar. Stjórnartæki utan á dráttarvélinni mega ekki virka á ámoksturstækið! Einkum mega stjórnartæki lyftibúnaðarins að framan ekki virka á ámoksturstækið!
- Aðeins einn einstaklingur má stjórna ámoksturstækinu í einu.

Hætta er á lífshættulegum slysum ef álag fer yfir leyfileg mörk eða ámoksturstækið er notað á rangan hátt og það verður til þess að ámoksturstækið eða hlutar þess brotna.

- Gætið að upplýsingum um leyfilegt álag í tæknilyngu.
- Við flutning byrða eða sléttun má ekki aka á meiri hraða en 10 km/klst.
- Þegar verið er að ryðja má ekki aka á meiri hraða en 6 km/klst.
- Aðeins má vinna með ásett verkfæri sem hefur verið læst.
- Gætið að burðargetu hjólbarða og framöxuls dráttarvélarinnar.

Hætta vegna vökvabúnaðar



Hætta er á meiðslum ef glussi sprautast út undir miklum þrýstingi.


- Farið eftir öryggislímmiðum á vinnuvélinni.
- Athugið með leka áður en losað er um vökvatengi og vökvalagnir.
- Ef ekki er lokað stýrishús á dráttarvélinni skal koma fyrir úðavarnarslögum.



Hætta er á að klemmast á milli ef vélarhlutar hreyfast stjórnlaust vegna lofts sem lokast inni í vökvakerfinu.

- Hleypa verður öllum þrýstingi af vökvakerfinu áður en unnið er í því.
- Hreinsa skal vökvatengi og vökvalagnir áður en þær eru tengdar.
- Skiptið reglulega um glussa samkvæmt viðhaldsáætlun.

Hætta vegna rafmagns



Hætta er á banaslysum vegna raflosts ef komið er við vélarhluta sem spenna er á, t.d. vegna skammhlaups í rafkerfi dráttarvélarinnar.

- Aðeins faglærðum rafvirkjum er heimilt að annast uppsetningar- og viðhaldsvinnu í rafkerfinu.
- Farið eftir því sem fram kemur í notendahandbók dráttarvélarinnar.



Hætta er á banaslysum ef ámoksturstækið rekst utan í háspennulínur í uppreistri stöðu.

- Þegar ekið er á almennum vegum má ekki lyfta ámoksturstækinu í meira en fjögurra metra hæð.
- Halda skal hæfilegri fjarlægð frá rafmagnslínunum.
- Ef málspegnan er óþekkt skal halda að minnsta kosti fjögurra metra fjarlægð frá rafmagnslínunum.

Hætta vegna hávaða



Hætta er á því að hávaði frá dráttarvélinni og vökvakerfinu valdi heyrnarskemmdum þegar vinnuvélin er notuð stöðugt með venjulegum hætti.

- Notið ávallt heyrnarhlífar.
- Fara skal eftir sérstökum reglum um notkun á almennum vegum sem og um notkun vinnuvéla á víðavangi.

Hætta við meðhöndlun og flutning byrða



Ef verkfærið veltur eða fellur af lyftibúnaðinum er hættu á því að fólk lendi undir eða verði fyrir höggi og slasist.

- Við alla undirbúningsvinnu og flutning skal gæta þess að vinnuvélin sé stöðug.
- Vísa skal aðstoðarfólki af hættusvæðinu undir verkfærinu.

Ef ekki er gengið rétt frá verkfærinu og byrðinni er hættu á slysum þegar ekið er með verkfærið.

- Gætið þess ávallt að ganga rétt frá verkfærinu og byrðinni áður en ekið er af stað.

Hætta þegar búnaðurinn er settur upp í fyrsta sinn



Hætta er á að verða fyrir meiðslum þegar þungum vélarhlutum og fyrirferðarmeiri íhlutum verkfæranna er lyft.

- Tveir skulu alltaf hjálpast að við að lyfta þungum og fyrirferðarmiklum vélarhlutum.
- Til að forðast bakáverka er mikilvægt að gætt sé að réttri líkamsstöðu þegar lyft er.

Hætta þegar verkfæri eru sett á og tekin af



Hætta er á alvarlegum slysum og banaslysum ef notuð eru verkfæri af rangri gerð eða of mikið álag er á verkfærum sem leiðir til þess að verkfæri falla af eða ámoksturstækið sígur stjórnlaust.

- Gangið úr skugga um að verkfæri séu af réttri gerð áður en þau eru notuð.
- Gangið úr skugga um að verkfærinu hafi verið læst á réttan hátt með því að setja það endurtekið niður að jörðu.
- Lítið yfir læsinguna til að kanna hvort allt er í lagi.
- Ekki má nota vökvaknúna læsingu verkfæra í meira en 1,5 metra hæð.
- Áður en byrjað er að vinna skal prófa hvort verkfærið virkar rétt án byrðar.

Hætta þegar unnið er við gröft



Hætta er á banaslysum og sprengingum ef grafið er í lagnir í jörðu.

- Gangið úr skugga um að engar raflagnir séu á vinnusvæðinu áður en byrjað er að grafa.
- Gangið úr skugga um að engar gaslagnir séu á vinnusvæðinu áður en byrjað er að grafa.

Hætta við meðhöndlun byrða



Hætta er á alvarlegum slysum og banaslysum þegar byrði er lyft og ekið er með hana ef of mikill þungi er öðrum megin á ámoksturstækkinu, byrðinni er lyft of langt yfir ökumannssætið eða notuð eru verkfæri af rangri gerð.

- Ef stýrishús og/eða fallvarnargrind/öryggisgrind er ekki til staðar skal koma búnaðinum fyrir samkvæmt gildandi reglum þar að lútandi.
- Ef stýrishús og öryggisbúnaður eru ekki fyrir hendi má undir engum kringumstæðum lyfta byrði yfir ökumannssætið.
- Notið eingöngu verkfæri af réttri gerð, þar sem ekki er hætt á að byrði velti eða falli niður á ökumannssætið.

Hætta við notkun ámoksturstækisins




Hætta er á alvarlegum slysum eða banaslysum ef dráttarvélin veltur þegar unnið er í halla, ekið er í beygjum, of lítið álag er á afturöxli eða farið er skáhallt undir byrði. Aukin hætt er á ferðum þegar ámoksturstækkinu er lyft hátt upp, vegna þess að þyngdarpunkturinn færir sig upp.

- Akið varlega þegar unnið er í halla. Akið aldrei þvert á halla með byrði á lofti.
- Gætið þess að undirlagið sé nægilega slétt.
- Dragið úr hraða og lækkið byrðina í beygjum.
- Alls ekki má fara skyndilega af stað þegar ámoksturstækkinu hefur verið lyft upp og það er fullhlaðið.
- Gætið þess að fara ekki yfir hámarksburðargetu dráttarvélarinnar.
- Notið ávallt mótvægi í réttri stærð og þyngd aftan á dráttarvélinni.
- Ef dráttarvélin er óstöðug eða hætt er á að hún velti skal setja ámoksturstækið niður og ekki fara út úr stýrishúsinu.
- Akið beint að því sem á að lyfta og hreyfið ekki stýrið þegar farið er undir byrðina.
- Notið öryggisbelti.
- Tengjið hemlafi.
- Slökkvið á fjöðrun á framöxli.
- Á dráttarvélum með stillanlegri sporvidd: Stillið á mestu mögulegu sporvidd.

Hætta er á að ökumaður dráttarvélarinnar og aðrir vegfarendur verði fyrir alvarlegum slysum eða banaslysum ef undirbúningur og notkun dráttarvélarinnar og ámoksturstækisins er ekki með tilskildum hætti þegar ekið er á almennum vegum.

- Ekki má aka með byrði á almennum vegum.
- Slökkva skal á vökvakerfinu og læsa því áður en ekið er á almennum vegum.
- Lyftið ámoksturstækkinu.

Hætta vegna byrðar sem fellur niður



Hætta er á banaslysum vegna byrða sem geta fallið niður á ökumannssætið. Aukin hættu er á ferðum þegar brettum eða böggum er lyft yfir ökumannshúsið og þegar unnið er í brekku. Venjulegur öryggisbúnaður (ROPS-veltigrind, FOPS-fallvarnargrind) veitir heldur ekki fullnægjandi vernd.

- Þegar unnið er í halla skal taka minna í verkfærið í einu og hafa byrðina neðar.
- Gætið að halla verkfærisins. Hallið verkfærinu ekki of langt aftur.
- Notið verkfæri sem eru þannig gerð að þau koma í veg fyrir að byrði falli niður á ökumannssætið.
- Notað verður viðeigandi verkfæri þegar einungum er lyft (t.d. baggagreip fyrir bagga eða brettaffla fyrir bretti).
- Lyfta skal einu bretti eða einum bagga í einu. Staflað aldrei upp byrði, því byrðin sem er ofan á getur oltið á ökumannssætið.
- Þegar um ámoksturstæki án hallastýringar er að ræða þarf að leiðrétta hallann með því að halla verkfærinu fram um leið og því er lyft.
- Ekki má nota ámoksturstæki án hallastýringar á meðan bakkað er.
- Þegar um dráttarvélar án stýrishúss eða fjögurra bita veltigrind er að ræða má ekki lyfta stórum byrðum hærra en upp að lið armanna.
- Fylgist með byrðinni á meðan lyft er. Lyftið ekki byrði á meðan bakkað er.

Hætta við viðhald, viðgerðir, þrif og umhirðu




Ef viðhald, viðgerðir, þrif og umhirða fara ekki rétt fram getur það stefnt öryggi verkfæranna í hættu.

- Skoðið verkfærin reglulega til að ganga úr skugga um að þau séu í lagi.
- Fylgið leiðbeiningum um þrif og umhirðu.
- Láta skal viðurkennt fagfólk annast allar viðgerðir.

2.9 Hættusvæði

Á ámoksturstækini og umhverfis það eru eftirfarandi svæði þar sem meiri hættu staðjar að öryggi ökumanns og annarra:



Mynd 3 Séð ofan frá

Skýring

- 1 Vinnusvæði (gult)
- 2 Ytra hættusvæði (með appelsínugulum strikum)
- 3 Innra hættusvæði (rautt)

Hættusvæði	Lýsing	Hætta
Vinnusvæði	Allt mögulegt hreyfisvið dráttarvélarinnar og ámoksturstækisins meðan á vinnu stendur.	<ul style="list-style-type: none"> ● Hættulegt er að dvelja á vinnusvæðinu.
Ytra hættusvæði	Allt hreyfisvið dráttarvélarinnar og ámoksturstækisins sem og svæðið þar sem dráttarvélin og ámoksturstækið geta ollið ef slys verður: <ul style="list-style-type: none"> ● á hlið (vinstra og hægri megin): Hæð dráttarvélar með ámoksturstæki í mestu lyftihæð (með verkfæri) ● að framan og aftan: hálf hæð dráttarvélar með ámoksturstæki í mestu lyftihæð (með verkfæri) 	<ul style="list-style-type: none"> ● Ef dráttarvélin veltur eða byrði fellur af geta orðið alvarleg slys á fólki.
Innra hættusvæði	Svæðið á og umhverfis dráttarvélinna og ámoksturstækið, einkum milli hjóla dráttarvélarinnar, beint fyrir framan og aftan dráttarvélinna sem og á og undir ámoksturstækini.	<ul style="list-style-type: none"> ● Hætta er á að klemmast á milli hjóla dráttarvélarinnar. ● Hætta er á að ökumaður dráttarvélarinnar sjái ekki fólk og aki yfir það. ● Hætta er á að fólk klemmist á milli og verði fyrir meiðslum vegna vélarhluta sem hreyfast stjórnlaust.

- Gætið að hættusvæðum og vísid óviðkomandi út af þeim.

2.10 Hlífðarbúnaður

Allt eftir gerð eru verkfærin með eftirfarandi hlífðar- og öryggisbúnaði:

Hlífðar-/öryggisbúnaður	Virgni
Öryggislímmiðar	Öryggislímmiðarnir vara við hættum á hættulegum stöðum (sjá 2.11 Öryggislímmiðar).


2.11 Öryggislímmiðar

Öryggislímmiðarnir vara við hættu á hættulegum stöðum og eru mikilvægur hluti af öryggisbúnaði ámoksturstækisins.

- Hreinsið óhreinindi af öryggislímmiðunum.
- Skiptið út skemmdum eða ólæsilegum öryggislímmiðum (sjá 7.1 Varahlutir).
- Ef þörf krefur skal setja viðeigandi öryggislímmiða á nýja varahluti.

2.11.1 Stæðuskeri

Staðsetning og lýsing á öryggislímmiðum




Mynd 4 Stæðuskeri

Atriði	Lýsing
1a	Farið eftir því sem fram kemur í notendahandbókinni.
1b	Haldið skurðarbrúninni alltaf beittri.
1c	Varúð: Glussi sem er undir miklum þrýstingi.
1d	Upplýsingar um notkun.
1e	Takið úr í rétttri röð til að koma í veg fyrir ójafnt álag á verkfærið.

2.11.2 Rúlluskeri

Staðsetning og lýsing á öryggislimmiðum




Mynd 5 Rúlluskeri

Atriði	Lýsing
1	Farið eftir því sem fram kemur í notendahandbókinni.
2	Ekki má standa á eða undir verkfærinu.
3	Slöngur eru alltaf undir þrýstingi.
4	Gætið þess að skrúfaðar festingar séu ávallt vel hertar.
5	Hætta! Haldið öruggri fjarlægð frá hnífunum.

2.11.3 Baggagreip

Staðsetning og lýsing á öryggislimmiðum



Mynd 6 Baggagreip

Atriði	Lýsing
1	Farið aldrei með hendur inn á svæðið þar sem hættu er á að klemmast á meðan hlutir eru þar á hreyfingu.
2	Varúð: Glussi sem er undir miklum þrýstingi.
3	Farið eftir því sem fram kemur í notendahandbókinni.

2.12 Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks

Greint er á milli eftirfarandi aðila í notendahandbókinni:

- Rekstraraðili
- Fagaðili
- Faglærður iðnaðarmaður

Allir þessir aðilar verða að hafa lesið og skilið efni notendahandbókarinnar. Í töflunni eru taldar upp frekari hæfniskröfur og ábyrgðarsvið sem eiga við hverju sinni.

Starfsfólk	Hæfni/ábyrgðarsvið
Rekstraraðili	<ul style="list-style-type: none">• Ber ábyrgð á því að ámoksturstækið sé notað með réttum hætti• Veitir fagaðilum tilsögn í notkun ámoksturstækisins• Sér til þess að reglubundnar skoðanir og viðhald á ámoksturstækinu fari fram á viðurkenndu verkstæði
Fagaðili	<ul style="list-style-type: none">• Ber ábyrgð á því að ámoksturstækið sé notað með réttum hætti• Er líkamlega fær um að hafa eftirlit með ámoksturstækinu og dráttarvélinni• Sér til þess að reglubundið viðhald á ámoksturstækinu fari fram• Þekkir viðeigandi umferðarreglur• Hefur tilskilin ökuréttindi• Kann að nota dráttarvélar með öruggum hætti
Faglærður iðnaðarmaður	<ul style="list-style-type: none">• Sinnir viðhaldi og viðgerðum• Byr yfir viðurkenndri menntun eða fagþekkingu sem nauðsynleg er til þess að geta fylgt gildandi reglum og tilskipunum



Eingöngu faglærðir rafvirkjar mega vinna við rafbúnað vinnuvélarinnar og skulu þeir fylgja viðeigandi reglum.

Vinna við suðu má eingöngu fara fram á viðurkenndum verkstæðum.

2.13 Viðbrögð í neyðartilvikum

➤ Gera skal eftirfarandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir frekara tjón í neyðartilvikum:

- (1) Girðið slysstaðinn af með viðeigandi hætti.
- (2) Veitið fyrstu hjálp (ef þess þarf).
- (3) Hringið í björgunaraðila og lýsið aðstæðum á stuttan og yfirvegaðan hátt. Bíðið eftir spurningum.
- (4) Gerið atvinnurekanda eða rekstraraðila viðvart.

2.13.1 Viðbrögð ef dráttarvél veltur

➤ Ef dráttarvél með ámoksturstæki veltur skal gæta að eftirfarandi:

- (1) Setjið byrðina niður.
- (2) Ekki fara út úr ökumannshúsinu fyrr en aðstoð berst.

2.13.2 Viðbrögð við spennufirslagi hjá loftlínunum

Í námunda við loftlínur getur fljótt átt sér stað spennufirsláttur sem leiðir til þess að mikil rafspenna er á ytra byrði dráttarvélarinnar. Við þetta myndast mikill spennumismunur í jörðinni umhverfis vinnuvélina.

Ef spennufirsláttur á sér stað:

- Farið ekki út úr stýrishúsinu.
- Ekki snerta neina málmhluti.
- Ekki koma á sambandi við jörðu.
- Varið utanaðkomandi við og segið þeim að koma ekki nær.
- Sjáið til þess að straumurinn sé tekinn af.
- Bíðið þar til björgunaraðilar koma á staðinn.

Ef ekki verður hjá því komist að fara út úr stýrishúsinu, t.d vegna eldhættu:

- Stökkvið af dráttarvélinni og gætið þess að koma ekki við hana.
- Gangið frá dráttarvélinni með stuttum skrefum.

3 Verkfæri

3.1 Hliðarfærsla


3.1.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 grind
- 1 færslugrind
- 1 vökvatjakkur sem stýrir færslugrindinni
- 2 göfflum (hægt er að stilla bilið milli þeirra)

Á grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirka vökvatjakkinum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstaekinu.



Mynd 7 Uppbygging hliðarfærslu

Skýring

- 1 Færslugrind
- 2 Vökvatjakkur
- 3 Gafflar
- 4 Festikrókar fyrir skiptigrind
- 5 Festikrækjur fyrir bolta á skiptigrind
- 6 Grind

3.1.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.1.2.1 Fyrsta notkun

Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.


- Fá ið tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

ProfiLine-ámoksturstæki

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja vökva- og aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Glussalagnir tengdar:

- (1) Festið vinkilstútana í götin vinstra megin á hliðarfærslunni.
 - (2) Setjið slöngurnar með 90° endanum á einstefnuventil vökvatjaksins.
 - (3) Tengjið slöngurnar við vinkilstútana (A á A) sem eru skrúfaðir í.
- ✓ Búið er að tengja glussalagnirnar.




Mynd 8 Glussalagnir tengdar

Skýring

- 1 Einstefnuventill
- 2 Slanga 10x450
- 3 Slanga 10x420
- 4 Vinkilstútar

Aðveitulagnir tengdar:

- (4) Setjið hlífina í vinkilstútinn sem er tengdur við vökvatjakkinn bullumegin (A).
 - (5) Tengjið slöngurnar við vinkilstútana.
 - (6) Tengjið glussatengin á hinum enda slangnanna.
 - (7) Aðeins þegar um skrúfað tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu efri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu neðri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (8) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 9 Aðveitulagnir tengdar

Skýring


- 1 Hlíf
- 2 Vinkilstútar
- 3 Slöngur
- 4 Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)
- 5 Glussatengi (verkfærstengi)
- 6 Blá hetta
- 7 Rauð hetta

Solid, ClassicLine, EcoLine og Robust F ámoksturstæki

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Aðveitulagnir tengdar:

- (1) Setjið hlífina í tengið bullumegin á einstefnuloka vökvatjakkksins.
 - (2) Tengjið slöngurnar við vökvatjakkinn.
 - (3) Tengjið glussatengin á hinum enda slangnanna.
 - (4) Aðeins þegar um skrúfað tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu vinstri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu hægri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (5) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 10 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 Einstefnuventill
- 2 Hlíf
- 3 Slöngur
- 4 Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)
- 5 Blá hetta
- 6 Rauð hetta
- 7 Glussatengi (verkfærstengi)

3.1.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Fara skal yfir öll atriðin á gátlistanum áður en vinnuvélin er gangsett.
- Ef eitthvað reynist vera í ólagi skal lagfæra það í öruggri stöðu og í öruggu umhverfi.
- Ekki má nota verkfærið fyrr en tryggt er að hægt sé að stjórna því með réttum og öruggum hætti.

	Skoðað	sjá einnig	lokið
Áður en verkfærið er sett á			
	Er rétt mótvægi aftan á dráttarvélinni?	Sjá notendahandbók ámoksturstækisins	
	Er búið að athuga með sýnilegar skemmdir (t.d. sprungur og ryð) á verkfærinu?		
Eftir að verkfærið er sett á			
	Hefur verkfærslæsingunni verið læst með réttum hætti?	Sjá notendahandbók ámoksturstækisins	
	Hefur verið gengið úr skugga um að verkfærið geti ekki rekist utan í ámoksturstækið í neinni stöðu?		

3.1.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengid glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.1.3 Stjórnun

⚠ VIÐVÖRUN

Ef tindar standa út eða ef ámoksturstækinu er lyft of hátt upp í götuakstri stafar af því slyshætta!

Ef umferðarslys á sér stað geta tindar sem standa út valdið alvarlegum meiðslum á öðrum vegfarendum. Ef ámoksturstækinu er lyft of hátt upp getur það rekist utan í rafmagnslínur, brýr, tré o.s.frv.

- ▶ Farið eftir leiðbeiningum um akstur á almennum vegum í notendahandbók ámoksturstækisins.
- ▶ Áður en ekið er á almennum vegum skal færa tindana í lóðréttu stöðu (með aðgerðinni *halla fram/ halla aftur* á ámoksturstækinu).
- ▶ Ekki má aka með hlass í verkfæri á almennum vegum.

⚠ VIÐVÖRUN

Hætta er á meiðslum ef þyngdarmiðjan færir til!

Þegar færslueiginleikinn er notaður færir þyngdarmiðja dráttarvélarinnar einnig til. Hætta er á að dráttarvélina velti og nærstaddir verði fyrir alvarlegum meiðslum.

- ▶ Notið færslueiginleikann eingöngu þegar byrði er tekin upp eða sett niður í kyrrstöðu.
- ▶ Fyrir flutning skal setja færslugrindina í miðstöðu (tjakkurinn keyrður hálfa leið út).
- ▶ Gætið þess að nægilegt mótvægi sé á dráttarvélinni.
- ▶ Gætið þess að fara ekki yfir mesta leyfilega aksturshraða með byrði á lofti (10 km/klst.)!
- ▶ Gætið þess að öxulpungi dráttarvélarinnar sé innan leyfilegra marka (sjá notendahandbók dráttarvélarinnar).
- ▶ Lyftið byrðinni ekki hærra en nauðsynlegt er.

⚠ VIDVÖRUN
Hætta er á slysum og tjóni ef tindarnir eru ekki samsíða jörðu!

Hliðarfærslan er ætluð fyrir vinnu þar sem tindarnir eru samsíða jörðu. Ef tindarnir eru ekki samsíða jörðu getur vökvabúnaður orðið fyrir skemmdum og virkni hliðarfærslunnar kann að skerðast. Glussi getur lekið út stjórnlaust. Það getur valdið alvarlegum meiðslum á fólki.

- ▶ Aldrei má fara með aðgerð ámoksturstækisins til að *halla fram* alla leið í endastöðu.

Byrði tekin upp og sett niður:

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Lækkið ámoksturstækið niður í viðeigandi hæð.
- (2) Færið verkfærið í lárétta stöðu.
- (3) Farið varlega með gafflana undir vörubrettið.
- (4) Lyftið byrðinni.



Lyftið byrðinni ekki hærra en nauðsynlegt er til að aka með hana.

- (5) Færið færslugrindina í miðstöðu (með 3. stýrirás ámoksturstækisins).
- (6) Akið byrðinni eins nálægt staðnum sem fara á með hana og kostur er.
- (7) Notið færslueiginleika ef þess þarf (með 3. stýrirás ámoksturstækisins).
- (8) Setjið byrðina niður og farið varlega með gafflana úr vörubrettinu.
- ✓ Búið er að taka byrðina upp og setja hana niður.

3.1.4 Verkfærið sett niður


Setja verður verkfærið niður á sléttum og traustum fleti. Gætið þess að nægilegt bil sé á milli gafflanna til að tryggja stöðugleika.

- Sjá 6.1 *Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið*

3.2 Gripló

3.2.1 Uppbygging og lýsing


Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 grind
- 1 gripló
- 1 tvívirkum vökvatjakk

Griplóin er aukabúnaður fyrir STOLL-brettagaffla (vörunúmer 3583680, 3583700, 3583710, 3430830 og 3434900).

Grind griplóarinnar er skrúfuð á bretttagaffalinn.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirka vökvatjakknum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstækinu.



Mynd 11 Uppbygging griplóar

Skýring

- 1 Gripló
- 2 Grind
- 3 Bretttagaffall

3.2.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.2.2.1 Fyrsta notkun


Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáðið tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Aðveitulagnir tengdar:

- (1) Tengjið tvær slöngur, sem hvor um sig er með einn skrúfaðan stút, við vökvatjakkinn.
 - (2) Tengjið glussatengin á hinum enda slangnanna.
 - (3) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu efri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu neðri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (4) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 12 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 Blá hetta
- 2 Rauð hetta
- 3 Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)
- 4 Glussatengi (verkfærstengi)
- 5 Slöngur
- 6 Stútur sem er skrúfaður í

3.2.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Fara skal yfir öll atriðin á gátlistanum áður en vinnuvélin er gangsett.
- Ef eitthvað reynist vera í ólagi skal lagfæra það í öruggri stöðu og í öruggu umhverfi.
- Ekki má nota verkfærið fyrr en tryggt er að hægt sé að stjórna því með réttum og öruggum hætti.

	Skoðað	sjá einnig	lokið
Áður en verkfærið er sett á			
	Er rétt mótvægi aftan á dráttarvélinni?	Sjá notendahandbók ámoksturstækisins	
	Er búið að athuga með sýnilegar skemmdir (t.d. sprungur og ryð) á verkfærinu?		
Eftir að verkfærið er sett á			
	Hefur verkfærslæsingunni verið læst með réttum hætti?	Sjá notendahandbók ámoksturstækisins	
	Er búið að læsa tindunum á réttan hátt?	Sjá „Fyrsta notkun“	
	Ef aukabúnaður var settur á: Var aukabúnaðurinn settur á og honum læst á réttan hátt?	Sjá kaflann fyrir viðkomandi aukabúnað	
	Hefur verið gengið úr skugga um að verkfærið geti ekki rekist utan í ámoksturstækið í neinni stöðu?		

3.2.2.3 Verkfærið sett á



Ekki má nota gripklóna nema að hún sé skrúfuð föst við gaffalgrindina.

Tenging við gaffalgrind

Verkfærið sett á gaffalgrindina:

(1) Ýtið verkfærinu á gaffalgrindina frá hlið.




Gætið þess að verkfærið sitji nákvæmlega fyrir miðju á gaffalgrindinni og að götin til að festa verkfærið standist á.

(2) Látið verkfærið skorðast.

✓ Verkfærið hefur verið sett á gaffalgrindina.



Tekið er af með sama hætti, nema í öfugri röð.



Mynd 13 Verkfærið sett á gaffalgrindina

Skýring

- 1 Gripkló
- 2 Gaffalgrind

Tenging við ámoksturstaeki

Gripklóin hefur ekki teljandi áhrif á það hvernig bretttagaffallinn er tengdur við ámoksturstaekið.

➤ Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstaekisins.

Glussatengi

➤ Tengid glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.2.3 Stjórnun

ATHUGIÐ

Hætta er á tjóni ef gripklóin fer of langt niður!

Gripklóin getur farið lengra niður en sem nemur neðri brún gafflanna. Gripklóin eða undirlagið geta orðið fyrir skemmdum.

▶ Áður en klónni er lokað að fullu skal lyfta eða halla gripklónni lítillega.



Klóiin má ekki vera beygluð!
Skiptið um bogna tinda eða réttið úr þeim til að tryggja rétta virkni.

Byrði tekin upp:

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

(1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.

(2) Hafið gripklóna opna og stingið verkfærinu inn í efnið sem á að taka upp.

(3) Lokið gripklónni eins mikið og hægt er með vél dráttarvélarinnar á miðlungs snúningshraða.



Áður en gripklónni er lokað að fullu skal e.t.v. lyfta eða halla verkfærinu lítillega.

(4) Lyftið byrðinni.

- (5) Lokið gripklónni aftur eða þrýstið henni að til að skorða byrði sem kann enn að vera laus.
 ✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

3.2.4 Verkfærið sett niður

⚠ VIÐVÖRUN


Hætta er á slysum ef verkfærið veltur!

Þegar gripklóin er alveg lokuð nær hún niður fyrir gafflana og verkfærið getur oltið. Það getur valdið meiðslum á fólki.

- ▶ Ekki skal setja verkfærið niður nema að endi klóarinnar sé í nokkurn veginn sömu hæð og neðri brún gafflanna.

Þegar vökvatjakkurinn er keyrður alla leið út (gripklóin lokuð) nær gripklóin u.þ.b. 10 cm niður fyrir gafflana (sjá myndina vinstra megin á *Mynd 14*). Í þessari stöðu má ekki taka verkfærið af ámoksturstækinu eða setja það niður, því hættu er á að það velti.

Þegar setja á verkfærið niður skal staðsetja gripklóna þannig að endi klóarinnar sé í nokkurn veginn sömu hæð og neðri brún gafflanna (sjá myndina hægra megin á *Mynd 14*).



Mynd 14 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

3.3 Greip með gripkló


3.3.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 grind
- 2 armar
- 1 gripkló
- 1 tvívirkum vökvatjakk

Efst á bakhlið grindarinnar er auga sem hægt er að nota við flutning á verkfærinu (t.d. með krana). Á grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Gripklónni er stjórnað með tvívirkum vökvatjakk. Til þess að hægt sé að stjórna tvívirka vökvatjakknum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstækinu.



Mynd 15 Greip

Skýring

- 1 Grind
- 2 Armar
- 3 Gripkló

3.3.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.3.2.1 Fyrsta notkun


Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáíð tilsogn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Aðveitulagnir tengdar:

- (1) Leggið lengri slönguna með 45° endanum aftur fyrir þverbitann og tengið hana við neðri snúningsstútinn.
 - (2) Tengjið styttri slönguna með 90° endanum við efri snúningsstútinn.
 - (3) Tengjið glussatengin á hinum enda slanganna.
 - (4) Aðeins þegar um skrófað tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu efri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu neðri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (5) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 16 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 Efri snúningsstútur
- 2 Þverbiti
- 3 Neðri snúningsstútur
- 4 Slöngur
- 5 Glussatengi (skrófað tengi / hraðtengi)
- 6 Rauð hetta
- 7 Blá hetta
- 8 Glussatengi (verkfærstengi)

3.3.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 *Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett*

3.3.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærislæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.3.3 Stjórnun

- Sjá 3.2.3 *Stjórnun*

3.3.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 *Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið*

3.4 Greiparskófla

3.4.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 yfirgreip
- 2 tvívirkum vökvatjökkum
- 1 skóflu

Sérstakur búnaður frá og með 2,5 m skóflubreidd:


- 3. legustaður í miðju
- 2 viðbótarfestikrókum fyrir FZ-100-skiptigrind

Aukabúnaður:


- 2 viðbótartönnum fyrir maís

Á skóflunni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirku vökvatjökkunum verður 3. stýrás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstækini.



Mynd 17 Uppbygging greiparskóflu – séð að framan



Mynd 18 Uppbygging greiparskóflu – séð að aftan

Skýring

- 1 3. legustaður í miðju
- 2 Yfirgreip
- 3 Viðbótartönn fyrir maís
- 4 Skófla
- 5 Vökvatjakkur
- 6 Festikrókar fyrir skiptigrind
- 7 Festikrækjur fyrir bolta á skiptigrind
- 8 Viðbótarfestikrókar fyrir FZ-100-skiptigrind


3.4.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.4.2.1 Fyrsta notkun

Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáðu tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Setja þarf upp vökvalagnir og maístennur (aukabúnaður) áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.



Mynd 19 Undirbúningur fyrir fyrstu notkun

Skýring

1	Efra tengi	5	Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)
2	Neðra tengi	6	Rauð hetta
3	Röraklemmur	7	Blá hetta
4	T-stútar	8	Glussatengi (verkfærstengi)

Glussalagnir tengdar (báðum megin á verkfærinu):

- (1) Skrúfið stútin í efra tengið á vökvatjakkinum.
- (2) Tengjið styttri glussaslönguna með 45° endanum við skrúfaða stútin.
- (3) Tengjið lengri glussaslönguna við neðra tengið.
- (4) Tengjið glussalagnirnar við T-stútana.



Gætið þess að tengja slöngurnar rétt:

Báðir efri endar vökvatjakkanna verða að vera tengdir saman.
Báðir neðri endar vökvatjakkanna verða að vera tengdir saman.

- (5) Festið glussaslöngurnar með röraklemmum.



Fjöldi röraklemmanna er mismunandi eftir skóflubreidd.

- ✓ Búið er að tengja glussalagnirnar.

Aðveitulagnir tengdar:

- (6) Tengjið tvær aðveitulagnir við T-stútana.



Gætið þess að aðveitulagnir með 90° enda snúi rétt (sjá Mynd 19).

- (7) Tengjið glussatengi á hinum enda slangnanna.
- (8) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu efri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu neðri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
- (9) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
 - ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.


Maístennur settar á (aukabúnaður):

- (10) Festið maístennurnar á innanverða yfiringreipina með tveimur sexkantskrúfum M14, spenniskífum og sexkantróm.



Ekki skal setja maístennurnar á yfiringreipina utan frá. Annars rekast þær á hliðina.

- ✓ Maístennurnar hafa verið settar á.
- ✓ Lokið hefur verið við undirbúning fyrir fyrstu notkun.



Mynd 20 Maístennur settar á

Skýring

- 1 Sexkantskrúfa M14
- 2 Maístönn
- 3 Spenniskífa VSK 14
- 4 Sexkantró M14

3.4.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

3.4.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.


Einnig má nota skóflur sem eru meira en 2,5 m að breidd á styrktum Euro-skiptigrindum FZ 100-ámoksturstækja.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.4.3 Stjórnun

 Tindarnir á yfiringreipinni mega ekki vera bognir!
Réttið úr bognum tindum til að tryggja rétta virkni.

Ef efnið er ekki mikið þjappað (t.d. votverkaður maís):

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.
- (2) Hafið yfiringreipina opna og akið verkfærinu af dálitlum krafti inn í það sem á að moka.
- (3) Hallið verkfærinu dálítið aftur.
- (4) Setjið yfiringreipina niður í neðri endastöðuna með vél dráttarvélarinnar á miðlungs snúningshraða.
✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

Ef efnið er mikið þjappað (t.d. óskorið vothey):

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Hallið verkfærinu u.þ.b. 45° fram og opnið yfiringreipina alveg.
- (2) Rífið blokk úr stæðunni með yfiringreipinni.
✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

3.4.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 *Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið*

3.5 UNI-greiparskófla (Maxi Grapple Fork)


3.5.1 Uppbygging og lýsing

UNI-greiparskóflan samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 2 hreyfiörmum
- 2 tvívirkum vökvatjökkum
- 1 grind
- 2 höldum
- 1 skófla
- Göfflum (fjöldinn er mismunandi eftir gerðum)
- Gripló

Á grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirku vökvatjökkunum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstækinu.



Mynd 21 Uppbygging UNI-greiparskóflu

Skýring

- 1 Hreyfiarmur
- 2 Vökvatjakkur
- 3 Grind
- 4 Halda
- 5 Skófla
- 6 Gafflar
- 7 Gripló

3.5.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.5.2.1 Fyrsta notkun

Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.


- Fáid tilsögn á verkstæðinu og óskid frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesid notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófid allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófid hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið sett á:

- (1) Setjid verkfærið á samkvæmt uppsetningarleiðbeiningum A2005.
- ✓ Verkfærið hefur verið sett á.

Aðveitulagnir tengdar:

- (2) Tengid tvær slöngur við T-stútana.
 - (3) Tengid glussatengin á hinum enda slangnanna.
 - (4) Aðeins þegar um skrófuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjid rauða hettu á tengimúffu hægri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjid bláa hettu á tengimúffu vinstri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (5) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 22 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 Rauð hetta
- 2 Blá hetta
- 3 Glussatengi (skrófað tengi / hraðtengi)
- 4 Glussatengi (verkfærstengi)
- 5 Slöngur
- 6 T-stútar

3.5.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

3.5.2.3 Verkfærið sett á


Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærislæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengid glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.5.3 Stjórnun

 Tindarnir á yfirlitinni mega ekki vera bognir!
Réttið úr bognum tindum til að tryggja rétta virkni.

Byrði tekin upp:

- ➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.
- (1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.
- (2) Hafið gripklóna opna og akið verkfærinu af dálitlum krafti inn í það sem á að moka.
- (3) Hallið verkfærinu dálítið aftur.
- (4) Lokið gripklónni með vél dráttarvélarinnar á miðlungs snúningshraða.
- ✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

3.5.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 *Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið*

3.6 Förgunarskófla

3.6.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 yfirgreip
- 2 tvívirkum vökvatjökkum
- 1 skóflu

Sérstakur búnaður frá og með 2,5 m skóflubreidd:


- 3. legustaður í miðju
- 2 viðbótarfestikrókum fyrir FZ-100-skiptigrind

Aukabúnaður:


- 2 hliðarplötur

Á skóflunni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirku vökvatjökkunum verður 3. stýrís eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstaekinu.



Mynd 23 Uppbygging förgunarskóflu – séð að framan



Mynd 24 Uppbygging förgunarskóflu – séð að aftan

Skýring

- 1 3. legustaður í miðju
- 2 Yfirgreip
- 3 Skófla
- 4 Hliðarplata
- 5 Vökvatjakkur
- 6 Festikrókar fyrir skiptigrind
- 7 Festikrækjur fyrir bolta á skiptigrind
- 8 Viðbótarfestikrókar fyrir FZ-100-skiptigrind


3.6.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.6.2.1 Fyrsta notkun

Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáðið tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að setja upp vökvalagnir og hliðarplötur (aukabúnaður) áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.



Mynd 25 Undirbúningur fyrir fyrstu notkun

Skýring

1	Efra tengi	6	Rauð hetta
2	Neðra tengi	7	Blá hetta
3	Röraklemmur	8	Glussatengi (verkfæristengi)
4	T-stútar	9	Hliðarplata
5	Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)	10	Sexkantskrúfur M12

Glussalagnir tengdar (báðum megin á verkfærinu):

- (1) Skrúfið stútin í efra tengið á vökvatjakkinum.
- (2) Tengjið styttri glussaslönguna með 45° endanum við skrúfaða stútin.
- (3) Tengjið lengri glussaslönguna við neðra tengið.
- (4) Tengjið glussalagnimar við T-stútana.



Gætið þess að tengja slöngurnar rétt:

Báðir efri endar vökvatjakkanna verða að vera tengdir saman.
Báðir neðri endar vökvatjakkanna verða að vera tengdir saman.

(5) Festið glussaslöngurnar með röraklemmum.



Fjöldi röraklemmanna er mismunandi eftir skóflubreidd.

✓ Búið er að tengja glussalagnirnar.

Aðveitulagnir tengdar:

(6) Tengjið tvær aðveitulagnir við T-stútana.



Gætið þess að aðveitulagnir með 90° enda snúi rétt (sjá *Mynd 25*).

(7) Tengjið glussatengin á hinum enda slangnanna.

(8) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:

- Setjið rauða hettu á tengimúffu efri slöngunnar (*opnunarvirkni*).
- Setjið bláa hettu á tengimúffu neðri slöngunnar (*lokunarvirkni*).

(9) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.

✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.

Hliðarplötur settar á (aukabúnaður):

(10) Festið báðar hliðarplöturnar á innanverða skófluna með fimm sexkantskrúfum M12, spenniskífum og sexkantróm.



Ekki setja hliðarplöturnar á skófluna utan frá.

✓ Hliðarplöturnar hafa verið settar á.

3.6.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 *Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett*

3.6.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

Einnig má nota skóflur sem eru meira en 2,5 m að breidd á styrktum Euro-skiptigrindum FZ 100-ámoksturstækja.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærilæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.6.3 Stjórnun

ATHUGIÐ

Verkfærið getur eyðilagst!

Verkfærið er eingöngu ætlað til þess að flytja fyrirferðarmikinn farm. Ef verkfærið er notað við niðurrif getur það eyðilagst.

- ▶ Notið verkfærið eingöngu til þess að flytja fyrirferðarmikinn farm.



Tindarnir á yfirgreipinni mega ekki vera bognir!
Réttið úr bognum tindum til að tryggja rétta virkni.

Ef efnið er ekki mikið þjappað (t.d. molta):

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.
- (2) Hafið yfirgreipina opna og akið verkfærinu af dálitlum krafti inn í það sem á að moka.
- (3) Hallið verkfærinu dálítið aftur.
- (4) Setjið yfirgreipina niður í neðri endastöðuna með vél dráttarvélarinnar á miðlungs snúningshraða.
 - ✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

Ef efnið er laust í sér (t.d. óskornar greinar):

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Hallið verkfærinu u.þ.b. 45° fram og opnið yfirgreipina alveg.
- (2) Farið með yfirgreipina inn í greinarnar.
- (3) Lokið yfirgreipinni.
 - ✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

3.6.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

3.7 Stæðuskeri


3.7.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:


- 1 grind með hlífðargrind
- 2 eða 3 tvívirkum vökvatjökkum
- 2 hliðum
- 1 skurðartönn
- Tindum (fjöldinn er mismunandi eftir gerðum)

Allt eftir stærð eru eitt eða tvö augu efst á bakhlið grindarinnar sem hægt er að nota við flutning á verkfærinu (t.d. með krana). Á grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirka vökvatjakkinum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstaekinu.



Mynd 26 Uppbygging stæðuskeri með tveimur vökvatjökkum



Mynd 27 Uppbygging stæðuskeri með þremur vökvatjökkum

Skýring

- 1 Vökvatjakkur
- 2 Grind með hlífðargrind
- 3 Flutningsauga
- 4 Hlið
- 5 Skurðartönn
- 6 Gafflar

3.7.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.7.2.1 Fyrsta notkun


Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáðið tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja vökva- og aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Glussalagnir tengdar (með 3 vökvatjökkum):

- (1) Tengjið fjórar glussalagnir á 90 endanum, sem hver um sig er með einn skrúfaðan stút, við báða ytri vökvatjakkana.
 - (2) Setjið tvo T-stúta með skrúfuðum stút á vökvatjakkinn fyrir miðju.
 - (3) Setjið tvo T-stúta á T-stútana á vökvatjakkinn fyrir miðju.
 - (4) Tengjið fjórar glussalagnir við T-stútana.
 - (5) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja glussalagnirnar.



Mynd 28 Glussalagnir tengdar (dæmi: stæðuskeri með 3 vökvatjökkum)

Glussalagnir tengdar (með 2 vökvatjökkum):

- (1) Tengjið fjórar glussalagnir á 90 endanum, sem hver um sig er með einn skrúfaðan stút, við báða vökvatjakkana.
- (2) Tengjið efri glussalagnirnar við T-stútana.

Skýring

- 1 Glussalögn
- 2 T-stútar
- 3 T-stútur á vökvatjakk fyrir miðju
- 4 Neðri aðveitulögn
- 5 Efri aðveitulögn
- 6 Glussatengi

- (3) Tengjið neðri glussalagnirnar við T-stútana.
- ✓ Búið er að tengja glussalagnirnar.

Aðveitulagnir tengdar:

- (4) Tengjið tvær aðveitulagnir við T-stútana.
 - (5) Tengjið glussatengin á hinum enda slangnanna.
 - (6) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu efri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu neðri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (7) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.

3.7.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 *Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett*

3.7.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.7.3 Stjórnun

ATHUGIÐ

Hætta er á tjóni vegna þess að skurðartönnin nær niður fyrir tindana!

Þar sem skurðartönnin nær niður fyrir tindana getur losnað um votfóðrið undir stæðuskeranum þegar hann er dreginn úr stæðunni og skurðartönnin orðið fyrir skemmdum.

- ▶ Hallið stæðuskeranum aftur áður en hann er dreginn úr stæðunni.
- ▶ Eða: Færið skurðartönnina nægilega mikið aftur.


Upplýsingar um skurðartönnina

- Halda skal skurðbrúnum skurðartannarinnar hreinum og beittum til að tryggja rétta virkni.
- Ef skurðbrúnirnar eru skemmdar getur þurft að brýna þær með þjöl.
- Fara verður mjög varlega ef notaður er slípirokkur til að brýna. Ekki má glóða skurðbrúnirnar!
- Ef skurðbrúnirnar eru of mikið skemmdar (t.d. vegna aðskotahluta í stæðunni) skal skipta um skurðarhnífana.
 - Takið skemmda hluta úr og setjið hvert hnífsblað fyrir sig í.


Byrði tekin upp:


➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.
- (2) Hafið yfiringreipina opna og stingið verkfærinu inn í efnið sem á að taka upp.
- (3) Setjið í handbremsu.
- (4) Setjið yfiringreipina niður í neðri endastöðuna með vél dráttarvélarinnar á miðlungs snúningshraða.


 Skurðarbrúnnin sker þá niður fyrir tindana og losar blokkina þannig betur úr stæðunni.

- (5) Takið dráttarvélina úr handbremsu.
- (6) Hallið verkfærinu dálítið aftur.
- (7) Bakkið frá stæðunni og lyftið blokkinni lítillega upp með ámoksturstækkinu.

 Forðist óþarfa þverálag á verkfærið og ámoksturstækið.

 Gætið þess að taka votfóðrið þannig úr stæðunni að annaðhvort sé votfóður báðum megin við verkfærið eða þá að ekkert votfóður sé báðum megin.

- ✓ Byrðin hefur verið tekin upp.



Mynd 29 Dæmi um í hvaða röð skal taka blokkir úr stæðunni

3.7.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

3.8 Taðskófla, HD-fjölnotaskófla og taðkló

3.8.1 Uppbygging og lýsing

Taðskóflan og HD-fjölnotaskóflan samanstanda af eftirfarandi hlutum:

- 2 tvívirkum vökvatjökkum
- 1 yfirgreip
- Griplóm (fjöldinn er mismunandi eftir gerðum)
- 1 skóflu

Aukabúnaður:


- 2 hliðarplötur
- 2 hliðartennur

Taðklóin samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 2 tvívirkum vökvatjökkum
- 1 yfirgreip
- Griplóm (fjöldinn er mismunandi eftir gerðum)
- 1 grind
- Göfflum (fjöldinn er mismunandi eftir gerðum)

Á skóflunni/grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.


Til þess að hægt sé að stjórna tvívirka vökvatjakkinum á yfirgreipinni verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstækinu.



Mynd 30 Uppbygging taðskóflu og HD-fjölnotaskóflu

Skýring

- 1 Vökvatjakkur
- 2 Hliðarplötur
- 3 Skófla
- 4 Griplóm
- 5 Yfirgreip
- 6 Hliðartönn



Mynd 31 Uppbygging taðklóar

Skýring

- 1 Vökvatjakkur
- 2 Grind
- 3 Gafflar
- 4 Griplóm
- 5 Yfirgreip

3.8.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.8.2.1 Fyrsta notkun

Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáðið tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Setja þarf upp vökvalagnir og aukabúnað áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Taðskófla og taðkló

Glussalagnir tengdar:

- (1) Tengjið glussalagnirnar samkvæmt uppsetningarleiðbeiningum A1913.
- ✓ Búið er að tengja glussalagnirnar.

Aðveitulagnir tengdar:

- (2) Tengjið tvær aðveitulagnir við T-stykkinn.
- (3) Tengjið glussatengin á hinum enda slanganna.
- (4) Aðeins þegar um sknúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu vinstri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu hægri slöngunnar (*lokunarvirkni*).


- (5) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.

✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.

Hliðarplötur settar á (aukabúnaður fyrir taðskóflu):

- (6) Festið báðar hliðarplötur á skófluna utan frá með þremur sexkantskrúfum M10x20 og sexkantróm.

✓ Hliðarplötur hafa verið settar á.




Mynd 32 Undirbúningur fyrir fyrstu notkun (dæmi: taðskófla)

Skýring

- 1 Hliðarplata
- 2 Sexkantskrúfur M10x20
- 3 T-stykki
- 4 Aðveitulagnir
- 5 Glussatengi (sknúfað tengi / hraðtengi)
- 6 Rauð hetta
- 7 Blá hetta
- 8 Glussatengi (verkfærstengi)

HD-fjölnotaskófla



Mynd 33 Undirbúningur fyrir fyrstu notkun – HD-fjölnotaskófla

Skýring

1	Hlíff	8	Röraklemmur
2	Aðveitulagnir	9	Glussaslöngur
3	Glussatengi (verkfæristengi)	10	Snúningsstútur
4	Blá hetta	11	Sexkantskrúfa M14x35 með sexkantró
5	Rauð hetta	12	Hliðartönn
6	Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)	13	Sexkantskrúfa M10x25 með sexkantró
7	T-stútar	14	Hliðarplata

Glussalagnir tengdar (báðum megin á verkfærinu):

- (1) Takið hlífina af.
- (2) Tengjið glussalagnirnar með einum snúningsstút hverja við tengi vökvatjakkanna.

i Þegar búið er að herða snúningsstútana skal gæta þess að slöngurnar liggja nokkurn veginn hornrétt frá vökvatjakkinum.

- (3) Tengjið glussalagnirnar við T-stútana.

i Gætið þess að tengja slöngurnar rétt:
Bæði fremri tengi vökvatjakkanna verða að vera tengd saman.
Bæði aftari tengi vökvatjakkanna verða að vera tengd saman.

- (4) Festið glussalagnirnar með röraklemmum.
- (5) Setjið hlífina aftur á.
- ✓ Búið er að tengja glussalagnirnar.

Aðveitulagnir tengdar:

- (6) Tengjið tvær aðveitulagnir við T-stútana.

i Gætið þess að aðveitulagnir með 90° enda snúi rétt.

- (7) Tengjið glussatengin á hinum enda slanganna.

- (8) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
- Setjið rauða hettu á tengimúffu aftari slöngunnar (*opnunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu fremri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
- (9) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.

Hliðarplötur settar á (aukabúnaður):

- (10) Festið báðar hliðarplöturnar á innanverða skófluna með fjórum sexkantskrúfum M10x25 og sexkantróm.

Hliðartennur settar á (aukabúnaður):

- (11) Festið báðar hliðartennurnar á utanverða yfirgreipina með tveimur sexkantskrúfum M14x35 og sexkantróm.
- ✓ Lokið hefur verið við undirbúning fyrir fyrstu notkun.

3.8.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 *Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett*

3.8.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærilæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.8.3 Stjórnun



Tindarnir á yfirgreipinni mega ekki vera bognir!
Réttið úr bognum tindum til að tryggja rétta virkni.

Byrði tekin upp:

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.
- (2) Hafið yfirgreipina opna og stingið verkfærinu inn í efnið sem á að taka upp.
- (3) Setjið yfirgreipina niður í neðri endastöðuna með vél dráttarvélarinnar á miðlungs snúningshraða.



Áður en yfirgreipinni er lokað að fullu skal e.t.v. lyfta eða halla verkfærinu líftillega.

- (4) Lyftið byrðinni.
 - (5) Lokið yfirgreipinni aftur eða þrýstið henni að til að skorða byrði sem kann enn að vera laus.
- ✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

3.8.4 Verkfærið sett niður

⚠ VÍÐVÖRUN

Hætta er á slysum ef verkfærið veltur!


Þegar yfirgreipin er opin getur taðskóflan eða taðklóin oltið. Það getur valdið meiðslum á fólki.

- ▶ Þegar taðskóflan eða taðklóin er sett niður verður yfirgreipin að vera lokuð og færð alla leið niður!

Þegar vökvatjakkurinn er keyrður alla leið út er yfirgreipin færð alla leið niður.

Í þessari stöðu er hægt að losa taðskófluna eða taðklóna af ámoksturstækini með öruggum hætti og setja hana niður.

- Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið



Mynd 34 Verkfærið sett niður

3.9 Rúlluskeri


3.9.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 aðalgrind
- 1 afturplötu
- 1 gripbúnaði
- 1 skurðargrind
- 2 tvívirkum vökvatjökkum
- 5 baggatindum

Á aðalgrindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirku vökvatjökkunum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstækini.



Mynd 35 Uppbygging rúlluskera

Skýring

- 1 Aðalgrind
- 2 Afturplata
- 3 Gripbúnaður
- 4 Vökvatjakkur
- 5 Skurðargrind
- 6 Baggatindar

3.9.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.9.2.1 Fyrsta notkun


Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáðið tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Aðveitulagnir tengdar:

- (1) Takið báða tappana úr innbyggða stjórnlokanum.
 - (2) Tengjið tvær glussaslöngur við skrúfaða stútinn.
 - (3) Tengjið glussatengin á hinum enda slanganna.
 - (4) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauðu hettuna á tengimúffuna sem sér *opnunar*hlið vökvatjakkanna fyrir glussa. Setjið bláu hettuna á hina tengimúffuna.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 36 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 Tappi
- 2 Stútur sem er skrúfaður í
- 3 Stjórnloki

3.9.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 *Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett*

3.9.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.9.3 Stjórnun

Upplýsingar um skurðargrindina

- Brýna skal hnífa rúlluskerans reglulega.
- Klæðist ávallt hlífðarfatnaði og öryggisskóm þegar unnið er við hnífana.
- Við venjulega notkun þarf ekki að brýna hnífana nema þegar þeir eru skemmdir.
- Aðeins má brýna hnífana með þjöl.
- Ekki má nota hreyfanlegar slípivélar því þá geta hnífarnir ofhitnað og misst bitið.

Unnið með rúllubagga:


→ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Akið að rúllubagganum með verkfærið alveg opið og tindana við jörðu þar til rúllubagginn þrýstist vel að aðalgrindinni.



Mynd 37 Rúllubagga þrýst að aðalgrindinni

- (2) Lokið skurðargrindinni yfir rúllubaggann á meðan greipin lokast og heldur plastfilmunni fastri samtímis.



Mynd 38 Skurðargrind lokað yfir rúllubagga

- (3) Akið með rúllubaggann á staðinn þar sem á að skera hann.
- (4) Lokið verkfærinu til þess að skera baggan í gegnum plastfilmuna.



Mynd 39 Rúllubaggi skorinn

- (5) Opnið verkfærið næstum að fullu og lyftið um leið ámoksturstækinu til að setja rúlluhlutana á fóðurbrautina eða fóðurvagninn.



Mynd 40 Verkfærið opnað

- (6) Lyftið ámoksturstækinu enn meira til að fjarlægja plastfilmuna af rúllubaggnum.



Mynd 41 Plastfilman fjarlægð

- (7) Akið að viðkomandi söfnunarstað fyrir endurvinnslu og setjið plastfilmuna niður með því að opna verkfærið alveg.
- ✓ Búið er að vinna með rúllubaggana.



Mynd 42 Plastfilman sett niður

3.9.4 Verkfærið sett niður



Gætið þess að verkfærið sé alltaf alveg lokað þegar það er ekki í notkun.

- Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

3.10 H-baggagreip


3.10.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 2 greipum
- 1 stillanlegur legubúkka
- 1 grind
- 1 tvívirkur vökvatjakkur
- 2 sleðum til að stilla greipar

Á grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirka vökvatjakkinum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstaðinu.



Mynd 43 Uppbygging H-baggagreipar

Skýring

- 1 Greip hægra megin
- 2 Stillanlegur legubúkki
- 3 Grind
- 4 Vökvatjakkur
- 5 Greip vinstra megin
- 6 Sleði
- 7 Festikrókar fyrir skiptigrind

3.10.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.10.2.1 Fyrsta notkun


Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáíð tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Aðveitulagnir tengdar:

- (1) Setjið slöngu á 90° endanum með snúningsstúti á einstefnuventil vökvatjaksins.
 - (2) Setjið slöngu á 90° endanum með skrúfuðum stúti á einstefnuventil vökvatjaksins.
 - (3) Tengjið glussatengin á hinum enda slanganna.
 - (4) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu innri slöngunnar (*opnunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu ytri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (5) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 44 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 Glussatengi (verkfæristöng)
- 2 Rauð hetta
- 3 Blá hetta
- 4 Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)
- 5 Slöngur
- 6 Einstefnuventill
- 7 Stútur sem er skrúfaður í
- 8 Snúningsstútur

3.10.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

3.10.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.10.3 Stjórnun


i Upplýsingar

- Pressa skal baggana eins mikið og hægt er svo auðveldara verði að flytja þá.
- Bagga sem hafa gerjast áfram og eru orðnir mjög mjúkir skal þjappa endurtekið með verkfærinu áður en þeir eru fluttir því annars gefa þeir of mikið eftir og geta runnið úr verkfærinu ef miklar ójöfnur eru á akstursleiðinni.
- Þegar um er að ræða mjög langa ferkantaða bagga í plastfilmu (lengri en 1,50 m) skal ekki taka um skammhliðar þeirra, þar sem eigin þyngd þeirra getur gert að verkum að þeir svigni og renni úr.
- Þegar tekið er um baggann og hann fluttur skal gæta þess að bagginn liggja upp að innanverðri grindinni til að tryggja öryggi við meðhöndlun hans.
- Ef þess er kostur skal ekki pakka böggnum í plast fyrr en þeir eru komnir á endanlegan geymslustað. Plastpakkaðir baggar eru viðkvæmir og geta skemmst þegar þeir eru fluttir um lengri vegalengd.
- Með baggagreipinni er hægt að taka upp plastpakkaða bagga bæði upp á endann og liggjandi, flytja þá og setja þá niður eða stafla þeim.

Bilið milli greipanna stillt til samræmis við breidd eða þvermál bagga:

- (1) Losið um boltann á legubúkkannum og dragið hann úr.
- (2) Skrúfið efri og neðri skrúfurnar úr.
- (3) Ýtið legubúkkannum í þá stöðu sem óskað er.
- (4) Festið legubúkkann aftur með efri og neðri skrúfunum.
- (5) Setjið boltann aftur í legubúkkann.

i Það verða að vera jafnmörg laus borgöt á grindinni hægra megin við hliðina á skrúfunum og á stýristönginni hægra megin við hliðina á boltanum.



Mynd 45 Bilið milli greipanna stillt til samræmis við breidd eða þvermál bagga


- ✓ Búið er að stilla bilið á milli greipanna.

Skýring

- 1 Grind
- 2 Efri skrúfur
- 3 Legubúkki
- 4 Bolti á legubúkka
- 5 Neðri skrúfur
- 6 Stýristöng
- 7 Bolti fyrir sleða (greip hægra megin)

Halli greipa stillur á sleðum (báðum megin):

- Fyrir rúllubagga með þvermáli sem er minna en 1,5 m skal stinga boltanum fyrir sleðann í gegnum langraufina (sjá gatamynd A á Mynd 46).
- Fyrir rúllubagga með þvermáli sem er meira en 1,5 m skal stinga boltanum fyrir sleðann í gegnum gatið með stuttu bili (sjá gatamynd B á Mynd 46).
- Fyrir ferkantaða bagga eða liggjandi rúllubagga getur verið mismunandi hvaða stillingar henta best allt eftir eiginleikum bagganna hverju sinni (hlutföllum og þéttleika). Prófa verður sig áfram til að finna út hvaða stilling hentar best.
- ✓ Búið er að stilla halla greipanna á sleðunum.



Mynd 46 Bilið milli greipanna stillt til samræmis við breidd eða þvermál bagga (greipin vinstra megin)

Skýring

- 1 Bolti fyrir sleða
- A Gatamynd fyrir rúllubagga með þvermáli < 1,5 m
- B Gatamynd fyrir rúllubagga með þvermáli ≥ 1,5 m
- C Prófa verður sig áfram með götin

Byrði tekin upp:

- ➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.
- (1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.
- (2) Farið varlega að bagganum þar til hann liggur upp að grind verkfærisins.
- (3) Lokið verkfærinu þannig að það taki tryggilega utan um baggann.
- (4) Lyftið byrðinni.
- (5) Ef þörf krefur skal þrýsta verkfærinu meira saman til þess að klemma baggann betur.
- ✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

3.10.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

3.11 Pro H-baggagreip


3.11.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 grind
- 2 greipum
- 1 stoppgrind
- 2 tvívirkum vökvatjökkum

Á grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.


Til þess að hægt sé að stjórna tvívirku vökvatjökkunum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstaekinu.



Mynd 47 Uppbygging Pro H-baggagreipar – séð að framan

Skýring

- 1 Greip hægra megin
- 2 Vökvatjakkur fyrir greip hægra megin
- 3 Grind
- 4 Greip vinstra megin
- 5 Vökvatjakkur fyrir greip vinstra megin
- 6 Stoppgrind



Mynd 48 Uppbygging Pro H-baggagreipar – séð að aftan

Skýring

- 1 Greip vinstra megin
- 2 Stoppgrind
- 3 Greip hægra megin
- 4 Festikrókar fyrir skiptigrind
- 5 Festikrækjur fyrir bolta á skiptigrind

3.11.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.11.2.1 Fyrsta notkun

Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáíð tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja vökva- og aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Glussalagnir tengdar:

- (1) Setjið fjóra snúningsstúta á vökvatjakkana.
- (2) Festið einstefnuventilinn með sexkantskrúfu M6x45 og spenniskífu.
- (3) Setjið tvær skrúfaðar L-festingar með skrúfuðum stút á einstefnuventilinn.
- (4) Setjið tvær skrúfaðar vinkilfestingar á skrúfuðu L-festingarnar.
- (5) Tengjið tvær glussalagnir 8x400 við skrúfuðu vinkilfestingarnar og við efri vökvatjakkinn.

i Ekki leggja glussalagnirnar í kross: Hægri tengið í hægri enda vökvatjakkisins og vinstra tengið í vinstri enda vökvatjakkisins.


- (6) Tengjið tvær glussalagnir 8x600 við skrúfuðu L-festingarnar og við neðri vökvatjakkinn.

i Leggið glussalagnirnar í kross: Vinstra tengið í hægri enda vökvatjakkisins og hægri tengið í vinstri enda vökvatjakkisins.

- ✓ Búið er að tengja glussalagnirnar.

Aðveitulagnir tengdar:

- (7) Tengjið tvær slöngur, sem hvor um sig er með einn skrúfaðan stút, við einstefnuventilinn.
- (8) Tengjið glussatengi á hinum enda slanganna.
- (9) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu vinstri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu hægri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
- (10) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 49 Undirbúningur fyrir fyrstu notkun

Skýring

- 1 Aðveitulagnir
- 2 Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)
- 3 Blá hetta
- 4 Rauð hetta
- 5 Glussatengi (verkfærstengi)
- 6 Skrúfaðar vinkilfestingar
- 7 Skrúfaðar L-festingar
- 8 Einstefnuventill
- 9 Snúningsstútur
- 10 Glussalagnir 8x400
- 11 Glussalagnir 8x600

3.11.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

3.11.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tenging glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.11.3 Stjórnun

Upplýsingar

- Pressa skal baggana eins mikið og hægt er svo auðveldara verði að flytja þá.
 - Bagga sem hafa gerjast áfram og eru orðnir mjög mjúkir skal þjappa endurtekið með verkfærinu áður en þeir eru fluttir því annars gefa þeir of mikið eftir og geta runnið úr verkfærinu ef miklar ójöfnur eru á akstursleiðinni.
 - Þegar um er að ræða mjög langa ferkantaða bagga í plastfilmu (lengri en 1,50 m) skal ekki taka um skammhliðar þeirra, þar sem eigin þyngd þeirra getur gert að verkum að þeir svigni og renni úr.
 - Þegar tekið er um baggann og hann fluttur skal gæta þess að baggin liggja upp að innanverðri grindinni til að tryggja öryggi við meðhöndlun hans.
 - Ef þess er kostur skal ekki pakka böggunum í plast fyrir en þeir eru komnir á endanlegan geymslustað. Plastpakkaðir baggar eru viðkvæmir og geta skemmst þegar þeir eru fluttir um lengri vegalengd.
 - Með baggagreipinni er hægt að taka upp plastpakkaða bagga bæði upp á endann og liggjandi, flytja þá og setja þá niður eða stafla þeim.
-

Byrði tekin upp:

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.
 - (2) Farið varlega að bagganum þar til hann liggur upp að grind verkfærisins.
 - (3) Lokið verkfærinu þannig að það taki tryggilega utan um baggann.
 - (4) Lyftið byrðinni.
 - (5) Ef þörf krefur skal þrýsta verkfærinu meira saman til þess að klemma baggann betur.
- ✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

3.11.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

3.12 Baggagreip

3.12.1 Uppbygging og lýsing


Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 grind
- 2 greipum
- 1 stoppgrind
- 2 vökvatjökkum

Á grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Vökvatjökkunum er stjórnað með vökvakerfi dráttarvélarinnar og þeir eru notaðir til að opna og loka greipunum.

Til þess að hægt sé að stjórna vökvatjökkunum verður 3. stýrirás að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstækinu.



Mynd 50 Uppbygging baggagreipar

Skýring

- 1 Greip vinstra megin
- 2 Stoppgrind
- 3 Greip hægra megin
- 4 Grind
- 5 Festikrókar fyrir skiptigrind
- 6 Vökvatjakkur
- 7 Festikrækjur fyrir bolta á skiptigrind

3.12.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.12.2.1 Fyrsta notkun

Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.


- Fáid tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja vökva- og aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Glussalagnir tengdar:

- (1) Tengjið tvær glussalagnir 10x550 með tveimur USIT-hringjum og einni holskrúfu við hvern vökvatjakk.
- (2) Festið hvora glussalögnina fyrir sig með tveimur röraklemmuhlutum og setjið á grindina með einni hlífðarplötu og einni sexkantskrúfu M8x30.

i Ekki leggja glussalagnirnar í kross (sjá Mynd 51)!
Skrúfið sexkantskrúfurnar laust í til að byrja með!



Mynd 51 Glussalagnir tengdar

- (3) Tengjið tvær glussalagnir við hvern T-stút.

i Opið á T-stútunum verður að snúa eins mikið upp og kostur er (sjá Mynd 52). Annars munu aðveitulagnirnar nuddast utan í þverbitann á skiptigrindinni.

Skýring

- 1 Röraklemmuhlutur
- 2 Hlífðarplata
- 3 Sexkantskrúfa M8x30
- 4 Glussalagnir 10x550
- 5 T-stútar
- 6 USIT-hringur
- 7 Holskrúfa

- (4) Herðið skráfurnar með átaksmæli.

i Sjá upplýsingar um hersluáttak fyrir skráfur í 8.3 Hersluáttak fyrir skráfur!


- ✓ Búið er að tengja glussalagnirnar.

Aðveitulagnir tengdar:

- (5) Tengjið tvær slöngur við T-stútana.
- (6) Tengjið glussatengin á hinum enda slanganna.
- (7) Aðeins þegar um skráfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu efri slöngunnar (opunarvirgni).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu neðri slöngunnar (lokunarvirgni).

- (8) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.

- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 52 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 T-stútar
- 2 Slöngur
- 3 Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)
- 4 Rauð hetta
- 5 Blá hetta
- 6 Glussatengi (verkfærstengi)

3.12.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

3.12.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tenging glussaslöngunnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.12.3 Stjórnun


Upplýsingar

- Pressa skal baggana eins mikið og hægt er svo auðveldara verði að flytja þá.
- Bagga sem hafa gerjast áfram og eru orðnir mjög mjúkir skal þjappa endurtekið með greipinni áður en þeir eru fluttir því annars gefa þeir of mikið eftir og geta runnið úr greipinni ef miklar ójöfnur eru á akstursleiðinni.
- Þegar tekið er um baggann og hann fluttur skal gæta þess að bagginn liggji upp að innanverðri stoppgrindinni til að tryggja öryggi við meðhöndlun hans.
- Ef þess er kostur skal ekki pakka böggunum í plast fyrr en þeir eru komnir á endanlegan geymslustað. Plastpakkaðir baggar eru viðkvæmir og geta skemmst þegar þeir eru fluttir um lengri vegalengd.
- Með baggagreipinni er hægt að taka upp plastpakkaða bagga bæði upp á endann og liggjandi, flytja þá og setja þá niður eða stafla þeim.

Byrði tekin upp og sett niður:


- ➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Látið ámoksturstækið síga næstum alla leið niður að jörðu og færið verkfærið í lárétta stöðu.
- (2) Opnið verkfærið alveg.
- (3) Farið varlega að bagganum þar til hann liggur upp að grind verkfærisins.





Mynd 53 Ekið að bagganum

- (4) Lokið verkfærinu þannig að það taki tryggilega utan um baggann.

 Til að fá traust grip skal taka utan um baggann að neðanverðu.

- (5) Lyftið byrðinni.

 Lyftið byrðinni ekki hærra en nauðsynlegt er til að aka með hana.



Mynd 54 Tekið utan um baggann að neðanverðu

- (6) Ef þörf krefur skal þrýsta verkfærinu meira saman til þess að klemma baggann betur.

- (7) Akið byrðinni þangað sem fara á með hana.

- (8) Setjið byrðina niður.
- (9) Opnið verkfærið alveg og akið varlega frá bagganum.
- ✓ Búið er að taka byrðina upp og setja hana niður.

3.12.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

3.13 Maxi-baggakló


3.13.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 grind
- 2 greipum
- 1 tvívirkum vökvatjakk
- 2 hlífðarrörum
- 6 tindum

Á grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirka vökvatjakknum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstaekinu.



Mynd 55 Uppbygging Maxi-baggaklóar

Skýring

- 1 Hlífðarrör
- 2 Festikrókar fyrir skiptigrind
- 3 Grind
- 4 Greip vinstra megin
- 5 Vökvatjakkur
- 6 Armar
- 7 Greip hægra megin

3.13.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.13.2.1 Fyrsta notkun


Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáíð tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Aðveitulagnir tengdar:

- (1) Tengjið tvær slöngur á 45° endanum, sem hvor um sig er með einn skrúfaðan stút, við vökvatjakkinn.
 - (2) Tengjið glussatengin á hinum enda slangnanna.
 - (3) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu hægri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu vinstri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (4) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 56 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 Vökvatjakkur
- 2 Slöngur
- 3 Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)
- 4 Blá hetta
- 5 Rauð hetta
- 6 Glussatengi (verkfæristöng)

3.13.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

3.13.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærislæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.13.3 Stjórnun

⚠ VIÐVÖRUN

Lífshætta vegna bagga sem falla niður!

Baggar sem er staflað geta auðveldlega fallið aftur þegar baggaglónni er lyft og síðan fallið, rúllað eða runnið yfir ámoksturstækið og á ökumanninn. Ökumaðurinn getur hlotið lífshættulega áverka.

- ▶ Setjið upp hlífðarrör áður en unnið er með staflaða bagga.
- ▶ Lokið baggaglónni það mikið að hlífðarrörin séu fyrir aftan baggana.
- ▶ Aðeins skal lyfta stöfluðum böggum ef efsti bagginn nær ekki upp fyrir hlífðarrörin.

Byrði tekin upp:

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.
- (2) Farið varlega að bagganum þar til hann liggur upp að grind verkfærisins.
- (3) Lokið verkfærinu þannig að tindarnir gangi alla leið inn í efnið.



Ef tindarnir ganga ekki alla leið inn í efnið geta myndast þverkraftar sem valda skemmdum á tindunum.

- (4) Lyftið byrðinni.
 - (5) Ef þörf krefur skal þrýsta verkfærinu meira saman til þess að klemma baggan betur.
- ✓ Byrðin hefur verið tekin upp.

3.13.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

3.14 Rúllubaggagreip


3.14.1 Uppbygging og lýsing

Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 grind
- 1 rúllugreip
- 1 tvívirkum vökvatjakk

Efst á bakhlið grindarinnar er auga sem hægt er að nota við flutning á verkfærinu (t.d. með krana). Á grindinni eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirka vökvatjakknum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstækini.



Mynd 57 Uppbygging rúllubaggagreipar

Skýring

- 1 Grind
- 2 Rúllugreip færð alla leið út
- 3 Rúllugreip færð alla leið inn
- 4 Flutningsauga
- 5 Vökvatjakkur
- 6 Festikrókar fyrir skiptigrind
- 7 Festikrækjur fyrir bolta á skiptigrind

3.14.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.14.2.1 Fyrsta notkun


Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáíð tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Aðveitulagnir tengdar:

- (1) Tengjið tvær aðveitulagnir á 90 endanum, sem hver um sig er með einn skrúfaðan stút, við vökvatjakkinn.
 - (2) Tengjið glussatengin á hinum enda slangnanna.
 - (3) Aðeins þegar um skrúfuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu hægri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu vinstri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (4) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 58 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 Vökvatjakkur
- 2 Slöngur
- 3 Glussatengi (skrúfað tengi / hraðtengi)
- 4 Blá hetta
- 5 Rauð hetta
- 6 Glussatengi (verkfærstengi)

3.14.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

3.14.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi

- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrirásar með glussatengjunum.

3.14.3 Stjórnun



Upplýsingar

- Baggin liggur laus á rúllubaggagreipinni. Rúllubaggagreipin hentar því síður fyrir flutning á löngum eða ósléttum leiðum.
- Þegar tekið er um baggan og hann fluttur skal gæta þess að baggin liggur upp að grindinni til að auka öryggi við meðhöndlun hans.

Byrði tekin upp og sett niður:

➔ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Færið verkfærið í lárétta stöðu og opnið það alveg.
- (2) Látið ámoksturstækið síga næstum alla leið niður að jörðu og stillið rúllugreipina þannig af að hún sé samsíða jörðu.
- (3) Farið varlega að bagganum þar til hann liggur upp að grind verkfærisins.
- (4) Þrýstið rúllugreipinni að bagganum.
- (5) Lyftið byrðinni.



Lyftið byrðinni ekki hærra en nauðsynlegt er til að aka með hana.

- (6) Akið byrðinni þangað sem fara á með hana.
- (7) Látið ámoksturstækið síga þar til baggin hvílir á jörðinni eða staflanum.
- (8) Færið rúllugreipina dálftið út á við.
- (9) Bakkið rólega.
 - ✓ Búið er að taka byrðina upp og setja hana niður.

3.14.4 Verkfærið sett niður

- Sjá 6.1 *Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið*

3.15 H-baggalyfta

3.15.1 Uppbygging og lýsing


Verkfærið samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- 1 grunnramma
- 1 lyftigrind
- 1 lyftibúnaði
- 2 baggaspjótum sem hægt er að færa til hliðanna
- 1 tvívirkum vökvatjakk

Á grunnrammanum eru tveir festikrókar og tvær festikrækjur fyrir Euro-skiptigrindina.

Til þess að hægt sé að stjórna tvívirka vökvatjakkinum verður 3. stýrirás eða tvívirkur aukastjórnloki að vera fyrir hendi á dráttarvélinni eða ámoksturstækini.

Lyftigeta H-baggalyftunnar sér til þess að hægt er að lyfta böggunum um 1,4 m til viðbótar við lyftihæð ámoksturstækisins.



B03R

Mynd 59 Uppbygging H-baggalyftu

Skýring

- 1 Baggaspjót
- 2 Lyftigrind
- 3 Lyftibúnaður
- 4 Grunnrammi
- 5 Vökvatjakkur
- 6 Festikrókar fyrir skiptigrind
- 7 Festikrækjur fyrir bolta á skiptigrind

3.15.2 Búnaðurinn tekinn í notkun

3.15.2.1 Fyrsta notkun


Fyrsta notkun fer fram á viðurkenndu verkstæði. Verkstæðið sér jafnframt um að setja verkfærið upp og prófa virkni þess.

- Fáíð tilsögn á verkstæðinu og óskið frekari upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- Lesið notendahandbókina áður en byrjað er að nota búnaðinn.
- Prófið allar aðgerðir verkfærisins án byrðar.
- Prófið hvort verkfærið virkar rétt við öll vinnsluskilyrði.

Verkfærið kemur tilbúið frá verksmiðju. Aðeins þarf að tengja aðveitulagnir áður en búnaðurinn er tekinn í notkun.

Aðveitulagnir tengdar:

- (1) Tengjið tvær slöngur með einum lóðhring, einni holskrúfu og einum þéttikantsshring við vökvatjakkinn.
 - (2) Tengjið glussatengin á hinum enda slanganna.
 - (3) Aðeins þegar um skrófuð tengi eða hraðtengi er að ræða:
 - Setjið rauða hettu á tengimúffu efri slöngunnar (*opunarvirkni*).
 - Setjið bláa hettu á tengimúffu neðri slöngunnar (*lokunarvirkni*).
 - (4) Bindið slöngurnar saman með kaplabindingum.
- ✓ Búið er að tengja aðveitulagnirnar.



Mynd 60 Aðveitulagnir tengdar

Skýring

- 1 Þéttikantsshringur
- 2 Lóðhringur
- 3 Holskrúfa
- 4 Vökvatjakkur
- 5 Slöngur
- 6 Glussatengi (skrófað tengi / hraðtengi)
- 7 Rauð hetta
- 8 Blá hetta
- 9 Glussatengi (verkfærstengi)

3.15.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

- Sjá 3.1.2.2 Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett

3.15.2.3 Verkfærið sett á

Verkfærið er ætlað til uppsetningar á Euro-skiptigrind.

- Sjá lýsingu og viðvaranir varðandi það hvernig verkfæri eru tekin upp og verkfærslæsingin er notuð í notendahandbók ámoksturstækisins.

Glussatengi


- Tengjið glussaslöngurnar við tengi 3. stýrísasar með glussatengjunum.

3.15.3 Stjórnun

i Stillið bæði baggaspjótin á sömu fjarlægð frá miðju til þess að koma í veg fyrir of mikinn þunga öðrum megin og þar með ótímabært slit á verkfærinu.

Bilið á milli baggaspjóta stillt (báðum megin):

- (1) Fjarlægð splittin þrjú.
- (2) Fjarlægð boltana þrjá.
- (3) Færið festinguna fyrir spjótið í þá stöðu sem óskað er.
- (4) Setjið boltana og splittin aftur í.



Mynd 61 Bil á milli baggaspjóta stillt

Skýring

- 1 Bolti
- 2 Festing fyrir spjót
- 3 Splitti

⚠ VÍÐVÖRUN

Hætta er á veltu!

Dráttarvélin getur oltið ef of mikill þungi er öðrum megin á H-baggalyftunni. Ökumaður og aðrir nærstaddir geta orðið fyrir alvarlegum eða banvænum meiðslum.

- ▶ Takið utan um baggann fyrir miðju. Hlassmiðjan verður að vera á miðlínu dráttarvélarinnar.

i Allt eftir því hvernig á að stafla stóru böggunum er hægt að flytja þá liggjandi eða upp á endann. Alls ekki má flytja tvo eða fleiri stóra bagga í einu. Þegar hlass er á verkfærinu má alls ekki halla því lengra fram en sem nemur láréttri stöðu baggaspjótanna.

Byrði tekin upp og sett niður:

→ Áður en byrjað er að vinna skal prófa rétta og örugga virkni verkfærisins án byrðar.

- (1) Látið ámoksturstækið síga og stillið baggaspjótin þannig af að þau séu nokkurn veginn lárétt gagnvart jörðu.
- (2) Akið dráttarvélinni rólega áfram og farið með baggaspjótin undir baggann þar til bagginn liggur upp að lyftigrindinni.
- (3) Lyftið byrðinni og hallið verkfærinu dálítið aftur.

i Lyftið bagganum aðeins lítillega fyrir aksturinn.
Ekki lyfta bagganum lengra upp fyrir en honum er staflað.

- (4) Setjið baggann rólega niður þegar hann er kominn á réttan stöflunarstað.
 - (5) Bakkið rólega.
- ✓ Búið er að taka byrðina upp og setja hana niður.

3.15.4 Verkfærið sett niður

⚠ VIDVÖRUN

Hætta er á slysum ef búnaðurinn er ekki stöðugur!

Ef verkfærið er ekki sett niður á réttan og öruggan hátt getur það oltið og valdið slysum á nærstöddu fólki.

- ▶ Færið verkfærið alltaf í neðri endastöðuna þegar það er sett niður.

➤ Sjá 6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

4 Úrræðaleit vegna bilana

⚠ VIDVÖRUN

Hætta er á banaslysum og tjóni ef öryggis er ekki gætt!

Ef úrræðaleit og viðgerðir fara ekki rétt fram getur það stefnt öryggi verkfærisins í hættu.

- ▶ Viðgerðir verða að fara fram á viðurkenndum verkstæðum.

Bilanir verkfærisins stafa oft af þáttum sem ekki má rekja til rangrar virkni verkfærisins eða ámoksturstækisins.

Þegar bilanir koma upp skal fyrst athuga eftirfarandi:

- Er nógu mikil olía í glussatanki dráttarvélarinnar?
- Hefur rétt olía verið notuð?
Notið aðeins olíu samkvæmt notendahandbók dráttarvélarinnar. Röng olía getur valdið froðumyndun og leka.
- Er glussaolían hrein og laus við raka?
Ef þörf krefur skal skipta um olíu og síu.
Ef þörf krefur skal koma fyrir einni síu til viðbótar í vökvakerfinu.
- Eru slöngurnar og tengingarnar settar á með réttum hætti?
Tengingarnar verða að hafa skorðast.
- Eru slöngur og tengi óskemmd og ekki klemmd eða snúin?
- Hafa tjakkar ámoksturstækisins verið færðir oft í endastöðu til að fjarlægja loft úr leiðslum og tjökkum?
- Var tekið tillit til lágs hitastigs utandyra?
Hefur olían náð vinnsluhitastigi?

Ef þessi atriði leysa ekki vandann getur eftirfarandi tafla hjálpað við að finna og lagfæra bilunina.



Ef viðgerðir fara ekki rétt fram getur það stefnt öryggi í hættu. Því má aðeins fagfólk með fullnægjandi menntun sjá um viðhald!

STOLL mælir með því að láta viðurkennd verkstæði annast viðgerðir.

Lýsing á bilun	Orsök	Lagfæring bilunar
Ámoksturstæki og/eða verkfæri vinna í ranga átt miðað við stjórnstöng.	Glussatengi tengd með röngum hætti.	Farið yfir glussatengin og leiðréttið eftir þörfum.
	Margþættir vírar settir rangt upp.	Athugið tengingar margþættra víra og leiðréttið eftir þörfum.
	Stjórnstöng snýr ekki rétt.	Athugið uppsetningarstöðuna og breytið tengingu margþættu víranna ef þess þarf.

Lýsing á bilun	Orsök	Lagfæring bilunar
Ámoksturstæki, verkfæri og verkfæri með vökvakerfi, t.d. gripkló, hreyfist of hægt eða alls ekki.	Of lítil olía í vökvakerfi.	Athugið olíustöðuna og fyllið á olíuna ef þess þarf.
	Glussatengi eru tengd með röngum hætti.	Athugið tengin.
	Dæla í dráttarvél slitin.	Athugið dæluna í dráttarvélinni og skiptið um hana ef þess þarf.
	Of lágt olíuflæði.	Athugið vökvakerfi dráttarvélarinnar.
	Snúningshraði vélarinnar er of lítill.	Aukið snúningshraða vélarinnar.
	Glussinn er of kaldur.	Hitið vökvakerfið upp að ganghita.
	Of mikil byrði í verkfæri.	Minnkið byrðina.
	Vökvatengi í ólagi.	Athugið tengin og skiptið um eftir þörfum.
	Innri leki í vökvatjakki.	Athugið tjakkinn og gerið við hann eða skiptið um hann ef hann er í ólagi.
	Stjórnloki er ekki rétt stilltur.	Athugið stillingu stjórnlokans.
	Innri leki í stýrisamstæðu.	Athugið stýrisamstæðuna og skiptið um hana ef þess þarf.
	Stjórnstöng rangt stillt.	Lagfærið stillingu stjórnstangarinnar.
	Loki fyrir gripkló skiptir ekki.	Athugið segul og sleða og skiptið um ef þess þarf.
Of lítill lyfti- og rífkraftur.	Olíuþrýstingur of lágur.	Athugið vökvakerfi dráttarvélarinnar.
	Innri leki í vökvatjakki.	Athugið tjakkinn og gerið við hann eða skiptið um hann ef hann er í ólagi.
	Of mikil byrði í verkfæri.	Minnkið byrðina.
	Aðal- eða aukastjórnloki rangt stilltur eða í ólagi.	Athugið stillingu stjórnloka og skiptið um þá ef þess þarf.
	Innri leki í stýrisamstæðu.	Athugið stýrisamstæðuna og skiptið um hana ef þess þarf.
Loft í glussa (sést á því að froða myndast í glussanum).	Glussadælan tekur inn loft.	Athugið með lausar eða bilaðar tengingar á leiðslum milli glussadællunnar og tanksins.
	Glussasían er óhrein.	Athugið glussasíuna og skiptið um hana ef þess þarf.
	Lítill olía á tanki.	Staða á olíu athugið og bætt á ef þarf.
	Mismunandi tegundum olíu blandað saman.	Notið eingöngu þær gerðir olíu sem mælt er með.
	Bakrennsli olíu er veitt inn.	Gangið frá tengingu fyrir bakrennsli olíu samkvæmt fyrirmælum.
Leki í vökvatengjum ámoksturstækisins eða 3. eða 4. stýrirásar.	Leki vegna þess að óhreinindi hafa borist inn.	Hreinsið tengið eða skiptið um það. Ef ámoksturstækið eða 3. eða 4. stýrirásin er ekki notuð skal loka vökvatengjunum með hlífðarhettum eða loki Hydro-Fix.
	Slit eða skemmdir á tengjum.	Skiptið um tengin.
Ámoksturstæki, verkfæri og verkfæri með vökvakerfi læsist á meðan verið er að lyfta eða lækka.	Tengið er ekki alveg lokað.	Athugið vökvatengið.
	Tengið er í ólagi.	Skiptið um þann helming tengisins sem er í ólagi.
	Hydro-Fix, fjöltengi og verkfæristengi ekki alveg lokað.	Athugið hvort læsiarmurinn hefur aflagast. Athugið hvort tengi eru vel fest og festið þau ef þess þarf.
Ámoksturstækið sveiflast til þegar byrði er látin síga.	Lækkunarhraðinn er of mikill.	Minnkið lækkunarhraðann.
Verkfærið er óstöðugt í FS-hraðgangi (verkfæri kippist aftur).	Hraðgangstæming sett í gang án þess að verkfæri væri hallað fram. Það veldur lofttæmi í vökvakerfinu.	Setjið hraðgangstæmingu aðeins í gang á meðan verkfærinu er hallað fram. Aukið snúningshraða vélarinnar til að dæla nægilega mikilli olíu.

Lýsing á bilun	Orsök	Lagfæring bilunar
Verkfærtaþakkar fara út en ekki aftur inn.	Stimplapétti í verkfærtaþakkinum eru biluð svo að stimpla- og hringfletir festast saman.	Athugið þéttleika hvers tjakks fyrir sig og ef tjakkur er í ólagi skal skipta um hann.
	Setloki fer ekki aftur í upphaflega stöðu eftir hraðgangsvirkjun.	Takið setlokann úr, athugið hvort hann er óhreinn og skiptið um hann ef þess þarf.
	Of lítið olíustreymi.	Athugið vökvakerfi dráttarvélarinnar.
	Tvöfaldur stjórnloki á stjórnblökk ámoksturstækis lokar ekki.	Hreinsið tvöfalda stjórnlokann eða skiptið um hann.
Ámoksturstækið lyftist þegar verkfæri er hallað aftur úr lækkaðri stöðu.	Of lítil olía bullustangarmegin á armatjökkunum.	Aukið snúningshraða vélarinnar þegar lækkað er.
		Slakið án flotstöðu.
Ámoksturstækið lyftist þegar verkfærinu er hallað aftur úr lækkaðri stöðu og þegar verkfærinu er síðan hallað fram sígur ámoksturstækið mjög hratt.	Of lítil olía bulluhaussmegin á armatjökkunum.	Eftir undangengna bilun skal aðeins nota aðgerðina til að <i>lyfta</i> þar til ámoksturstækið lyftist og verkfærið er hreyft samsíða.

5 Viðhald

⚠ VIÐVÖRUN

Hætta er á alvarlegum slysum ef ámoksturstækið sígur stjórnlaust!

Hætta er á að ámoksturstækið sígi óvænt og valdi meiðslum á fólki á meðan unnið er að viðhaldi og viðgerðum.

- ▶ Setja verður ámoksturstækið alveg niður áður en unnið er að viðhaldi og viðgerðum.

⚠ VIÐVÖRUN

Hætta er á meiðslum vegna glussa sem er undir þrýstingi!

Það getur áfram verið þrýstingur á vökvakerfinu eftir að drepið er á dráttarvélinni eða ámoksturstækið er tekið af. Ef viðhald fer ekki rétt fram getur olía sprautast út undir miklum þrýstingi og valdið alvarlegum meiðslum á nærstöddum.

- ▶ Hleypa skal þrýstingi af vökvakerfinu áður en tengi eru opnuð eða íhlutir vökvakerfisins eru teknir af.
- ▶ Notið ávallt viðeigandi hjálpartæki við lekaleit.
- ▶ Leitið aldrei að leka með því að þreifa á með fingrunum.

⚠ VARÚÐ

Hætta er á að brenna sig á heitum vélarhlutum!

Íhlutir vökvakerfisins sem og aðrir hlutar ámoksturstækisins og dráttarvélarinnar geta hitnað mikið við notkun. Hætta er á að brenna sig þegar unnið er að viðhaldi og viðgerðum.

- ▶ Láta skal íhluti og vélarhluti kólna niður fyrir 55 °C áður en viðhald og viðgerðir fara fram.

Með viðhaldi og viðgerðum er séð til þess að verkfærið virki rétt og komið í veg fyrir ótímabært slit. Greint er á milli eftirfarandi:

- Þrif og umhirða
- Viðhald
- Viðgerðir

5.1 Þrif og umhirða

ATHUGIÐ

Tjón getur orðið ef notuð eru hreinsiefni af rangri gerð!

Ef notuð eru hreinsiefni af rangri gerð getur það valdið skemmdum á yfirborðsflötum og öryggisbúnaði og eyðilagt þéttingar.

- ▶ Notið eingöngu hreinsiefni sem skaða ekki yfirborðsfleti tækja og efni þéttinga.

ATHUGIÐ

Hætta er á tjóni ef óhreinindi safnast upp fyrir aftan vökvatjakkka!


Ef óhreinindi safnast upp fyrir aftan vökvatjakkka þjappa hreyfingar vökvatjakkanna þeim sífellt meira saman þar til þau valda skemmdum á vökvatjökkunum.

- ▶ Hreinsa þarf svæðið fyrir aftan vökvatjakkana reglulega.
- Hreinsið verkfærið með vatni og mildu hreinsiefni.
- Þá fleti verkfærisins sem smurðir eru með feiti skal smyrja að nýju að loknum þrifum.

5.1.1 Smurstaðir

Hliðarfærsla


Fjöldi smurstaða: 4



Mynd 62 Smurstaðir á hliðarfærslu

Gripló


Fjöldi smurstaða: 3



Mynd 63 Smurstaðir á gripló

Greip með gripkló

Fjöldi smurstaða: 3




Mynd 64 Smurstaðir á greip með gripkló

Greiparskófla

Fjöldi smurstaða:

6 ef breidd skóflu er allt að 2,2 m


7 ef breidd skóflu er yfir 2,5 m



Mynd 65 Smurstaðir á greiparskóflu

UNI-greiparskófla

Fjöldi smurstaða: 6




Mynd 66 Smurstaðir á UNI-greiparskóflu

Förgunarskófla

Fjöldi smurstaða:

6 ef breidd skóflu er allt að 2,2 m

7 ef breidd skóflu er yfir 2,5 m




Mynd 67 Smurstaðir á förgunarskóflu

Stæðuskeri

Fjöldi smurstaða:

6 á útfærslu með tveimur vökvatjökkum

9 á útfærslu með þremur vökvatjökkum




B03H

Mynd 68 Smurstaðir á stæðuskera

Taðskófla, HD-fjölnotaskófla og taðkló

Fjöldi smurstaða: 6




B03D

Mynd 69 Smurstaðir á taðskóflu, HD-fjölnotaskóflu og taðkló

Rúlluskeri

Smyrja skal liði reglulega með smurkoppum.

Fjöldi smurstaða: 6




B04N

Mynd 70 Smurstaðir á rúlluskera

H-baggagreip

Fjöldi smurstaða: 6




B03M

Mynd 71 Smurstaðir á H-baggagreip

Pro H-baggagreip


Fjöldi smurstaða: 4



Mynd 72 Smurstaðir á Pro H-baggagreip

Baggagreip


Fjöldi smurstaða: 4



Mynd 73 Smurstaðir á baggagreip

Maxi-baggakló


Fjöldi smurstaða: 4



Mynd 74 Smurstaðir á Maxi-baggakló

Rúllubaggagreip


Fjöldi smurstaða: 4



Mynd 75 Smurstaðir á rúllubaggagreip

H-baggalyfta

Fjöldi smurstaða: 1



Mynd 76 Smurstaðir á H-baggalyftu

5.1.2 Smuráætlun

Smurstaður	Tímabil (vinnustundir)	Smurefni
Legustaðir	10 klst.	Alhliða smurfeiti DIN 51502 K2K, ISO 6743 ISO-L-XCCEA2, eða sambærileg feiti



Smyrja þarf oftast ef um mikil óhreinindi er að ræða.

5.2 Viðhald
⚠ VIÐVÖRUN
Hætta er á banaslysum og tjóni ef viðhaldi er ekki sinnt!

Ef viðhaldi er ekki sinnt eða það fer ekki rétt fram getur það stefnt öryggi ámoksturstækisins í hættu.

- ▶ Láta skal fagfólk annast allt viðhald.
- ▶ Ef eitthvað reynist vera í ólagi skal láta sérþjálfað fagfólk sjá um að lagfæra það.
- ▶ Farið eftir leiðbeiningum um frekara viðhald í öðrum fylgiskjöllum, t.d. fylgiskjöllum með verkfærum.

Svo tryggt sé að verkfærið virki rétt verður fagfólk að sinna tilskildu viðhaldi á tilgreindum tímum.

- Viðhald skal fara fram reglulega með því millibili sem kemur fram hér fyrir neðan.

5.2.1 Viðhaldsáætlun

Uppgefin viðhaldstímabil eru til viðmiðunar.

- Laga skal tímabilin að notkunarskilyrðum hverju sinni.
- Leita skal til viðurkennds verkstæðis ef spurningar koma upp.

Viðhaldsatriði	Verk	Tímabil (vinnustundir)
Skrúfaðar festingar	Athugið og herðið ef þess þarf	100 klst.
Legustaðir	Lítið yfir	10 klst.
	Smyrjið (sjá 5.1.2 Smuráætlun)	10 klst.
Glussaslöngur	Lítið yfir og látið skipta um á viðurkenndu verkstæði ef þess þarf	100 klst.
	Látið skipta um á viðurkenndu verkstæði	4 ár ¹

¹sjá leiðbeiningar í 5.2.2 Leiðbeiningar um viðhald á glussalögnum

5.2.2 Leiðbeiningar um viðhald á glussalögnum

⚠ VIÐVÖRUN

Hætta er á slysum og meiðslum ef glussaslöngur eru í ólagi!

Ef glussaslöngur eru í ólagi eða slitnar getur það leitt til þess að glussi leki og valdi þannig slysum á fólki eða stefni öryggi ámoksturstækisins í hættu.

- ▶ Ekki má nota glussaslöngur sem eru eldri en sex ára.
- ▶ Ekki má nota glussaslöngur ef efnið í þeim er eldra en tíu ára.
- ▶ Skipta skal oftast um slöngur ef um óeðlilega mikið slit er að ræða.
- ▶ Þegar unnið er við vökvakerfið skal ávallt bera viðeigandi persónuhlífar, einkum olúþétta hanska og hlífðargleraugu.
- ▶ Látið skipta um glussaslöngurnar ef þær eru götöttar eða rifnar.

⚠ VIÐVÖRUN

Slyshætta vegna glussa sem er undir miklum þrýstingi!

Það getur áfram verið þrýstingur á vökvakerfinu eftir að drepið er á dráttarvélinni eða ámoksturstækið er tekið af. Glussi getur sprautast út undir miklum þrýstingi og valdið slysum á fólki.

- ▶ Hleypa verður þrýstingi af vökvakerfinu áður en unnið er að viðhaldi.

Samkvæmt staðlinum DIN 20066 má geyma glussaslöngur í að hámarki tvö ár og nota þær í að hámarki sex ár eftir framleiðsludag. Notkunartíminn er því að lágmarki fjögur ár við eðlilegt álag.

Glussaslöngur eru merktar með tveimur dagsetningum:

- Á efni slöngunnar t.d. „1Q15“ ef slangan var framleidd á fyrsta ársfjórðungi 2015;
- á festibúnaði t.d. „0415“ eða „04/15“ ef slangan var framleidd í apríl 2015.

5.3 Viðgerðir

⚠ VIÐVÖRUN

Hætta er á banaslysum og tjóni ef viðgerðir fara ekki rétt fram!

Ef viðgerðir fara ekki rétt fram getur það stefnt öryggi ámoksturstækisins í hættu og haft alvarleg slys og meiðsli í för með sér.

- ▶ Viðgerðir verða að fara fram á viðurkenndum verkstæðum.

Viðgerðir fela í sér að skipt er um íhluti og gert við þá. Ekki er þörf á því nema að íhlutir hafi orðið fyrir skemmdum vegna slits eða ytri aðstæðna.

Fyrir viðurkennd verkstæði gildir eftirfarandi:

- Allar nauðsynlegar viðgerðir skulu fara fram með viðeigandi hætti, samkvæmt gildandi reglum og samkvæmt nýjustu tækni.
- Undir engum kringumstæðum má aðeins gera við slitna eða skemmda íhluti til bráðabirgða.
- Notið eingöngu upprunalega og viðurkennda varahluti við viðgerðir (sjá 7.1 *Varahlutir*).
- Skiptið um þéttingar.

6 Búnaðurinn tekinn úr notkun

6.1 Búnaðurinn tekinn úr notkun tímabundið

⚠ VIÐVÖRUN

Hætta er á slysum ef verkfærið veltur!

Ef ekki er hægt að færa verkfærið í rétta stöðu til að setja það niður með öruggum hætti getur verkfærið oltið. Það getur valdið meiðslum á fólki.

- ▶ Sjá leiðbeiningar um hvernig setja skal verkfærið niður í viðkomandi kafla fyrir verkfærið.
- ▶ Sjáið til þess að verkfærið sé stöðugt.


Verkfærið sett niður:

- (1) Látið ámoksturstækið síga næstum alveg niður að jörðu og setjið verkfærið lárétt niður á jörðina eða á trausta undirstöðu.




Ekki láta ámoksturstækið síga alveg niður að jörðu.


- (2) Drepið á dráttarvélinni.
 - Setjið í handbremsu.
 - Drepið á vélinni.
 - Hleypið þrýstingi af vökvakerfinu (sjá notendahandbók ámoksturstækisins).
eða
Færið stjórnstöngina fyrir verkfærið í endastöður til hliðanna til að hleypa þrýstingi af vökvakerfi verkfærisins (sjá notendahandbók ámoksturstækisins).
- (3) Opnið verkfærilæsinguna (sjá notendahandbók ámoksturstækisins).
- (4) Ef þörf krefur skal taka glussalagnirnar úr sambandi við tengin á skiptigrindinni (sjá notendahandbók ámoksturstækisins).
- (5) Setjið dráttarvélinu í gang.
- (6) Látið verkfærið síga niður að jörðu.
- (7) Losið skiptigrindina af krókunum á verkfærinu.
 - *Hallið verkfærinu fram* þar til efri þverbitinn er undir krókunum á verkfærinu.



Mynd 77 Læsing verkfæris opnuð




Mynd 78 Glussalagnir losaðar



Mynd 79 Skiptigrind krækt úr

- (8) Bakkið dráttarvélinni rólega frá.
- (9) Gangið úr skugga um að verkfærið sé stöðugt.
- (10) Ef þörf krefur skal setja yfirbreiðslu yfir verkfærið.
- ✓ Verkfærið hefur verið tekið af.



Mynd 80 Ekið frá

6.2 Búnaðurinn tekinn aftur í notkun

Verkfærið tekið aftur í notkun:

- (1) Ef yfirbreiðsla er á verkfærinu skal taka hana af.
- (2) Þrífið verkfærið ef þess þarf.
- (3) Látið sinna viðhaldi á verkfærinu ef þess þarf (sjá 5.2.1 Viðhaldsáætlun).
- (4) Framkvæmið það sem tekið er fram í „Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett“ (sjá kaflann fyrir viðkomandi verkfæri).
- (5) Prófið allar aðgerðir verkfærisins.
- ✓ Verkfærið er þá aftur tilbúið til notkunar.

6.3 Búnaðurinn tekinn úr notkun fyrir fullt og allt og honum fargað

ATHUGIÐ

Hætta er á umhverfisspjöllum ef búnaðinum er ekki fargað á réttan hátt!

Verkfærin samanstanda að stærstum hluta af íhlutum úr stáli og vökvakerfishlutum sem geta meðal annars innihaldið gúmmí- og plastefni og þarf að flokka og farga sérstaklega. Ef ekki er staðið rétt að förgun getur það haft umhverfisspjöll í för með sér.

- ▶ Fara skal eftir gildandi reglum um förgun og umhverfisvernd á hverjum stað.
- ▶ Skila skal verkfærinu til förgunar hjá söluaðila eða viðeigandi fagaðila.

Engar takmarkanir gilda um mögulegan notkunartíma verkfæra. Þegar taka á verkfærin úr notkun fyrir fullt og allt verður að farga þeim með viðeigandi hætti.

- Farið einnig eftir öryggisupplýsingum varðandi viðhald og viðgerðir.

7 Varahlutir og þjónustudeild

7.1 Varahlutir

⚠ VIÐVÖRUN

Hætta er á slysum og tjóni ef notaðir eru rangir varahlutir!

Ef notaðir eru varahlutir sem framleiðandi viðurkennir ekki getur það stefnt öryggi verkfæranna í hættu og leitt til þess að gerðarviðurkenning þeirra falli úr gildi.

- ▶ Notið eingöngu upprunalega varahluti eða varahluti sem STOLL viðurkennir.

Upplýsingar um upprunalega varahluti og tilheyrandi aukabúnað er að finna í sérstökum varahlutalistum.

- Hægt er að sækja varahlutalista á vefsíðunni www.stoll-germany.com.

Þöntunarupplýsingar fyrir öryggislímmiða

Stæðuskeri:

Pöntunarnr.	Heiti	Fjöldi límmiða
2444890	Límmiði fyrir stæðuskera	1 límmiði staðsetning 1

Baggagreip:

Pöntunarnr.	Heiti	Fjöldi límmiða
1441860	Límmiði sem varar við hættu á að klemmast á milli	1 límmiði staðsetning 1
1441850	Límmiði fyrir olíu undir þrýstingi	1 límmiði staðsetning 2
1441870	Límmiði sem segir að fylgja skuli leiðbeiningum	1 límmiði staðsetning 3

7.2 Þjónustudeild

Ef frekari spurningar koma upp varðandi ámoksturstækkið skal hafa samband við söluaðila.

8 Tæknilegar upplýsingar

8.1 Mál og þyngd

8.1.1 Hliðarfærsla

Vörunr.	Breidd [mm]	Lengd tinda [mm]	Leyfilegur hámarksþungi (alls) [kg]	Þyngd [kg]
3614380	1250	1200	2000	257

Grind

Vörunr.	Breidd [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]	Festing
3666450	1250	2000	155	ISO 2328

Gafflar

Vörunr.	Lengd tinda [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]	Festing
3570730	1200	1250	51	ISO 2A

8.1.2 Gripló

Vörunr.	Opnun [mm]	Þyngd [kg]
3548990	1385	79

8.1.3 Greip með gripló

Vörunr.	Breidd [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3390260	1110	1000	235

8.1.4 Greiparskófla

Vörunr.	Breidd [mm]	Opnun [mm]	Rúmmál [m ³]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3687650	1600	1480	0,88	1720	512
3687660	1800	1480	1,0	2000	549
3687670	2000	1480	1,1	2200	601
3687680	2200	1480	1,21	2420	641
3687690	2500	1480	1,38	2680	753

8.1.5 UNI-greiparskófla (Maxi Grapple Fork)

Vörunr.	Breidd [mm]	Opnun [mm]	Rúmmál [m ³]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3477620	2050	2000	0,7	1460	566
3477630	2400	2000	0,82	1690	655
3477640	2600	2000	0,88	1810	705

8.1.6 Förgunarskófla

Vörunr.	Breidd [mm]	Opnun [mm]	Rúmmál [m ³]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3591550	1800	1480	1,0	2000	557
3632970	2000	1480	1,1	2200	605
3591560	2200	1480	1,21	2420	636
3602920	2500	1480	1,38	2680	762

8.1.7 Stæðuskeri

Vörunr.	Breidd [mm]	Dýpt [mm]	Fjöldi tinda	Opnun [mm]	Rúmmál, kúfað [m ³]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3334760	1280	790	10	856	0,87	650	500
2449320	1520	790	13	856	1,05	790	530
3306680	1880	790	16	856	1,28	960	730

8.1.8 Taðskófla, HD-fjölnotaskófla og taðkló

Taðskófla

Vörunr.	Breidd [mm]	Opnun [mm]	Rúmmál [m ³]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3547610	1500	1290	0,59	590	292
3547620	1700	1290	0,67	670	314
3547630	2050	1290	0,82	820	373
3547650	2200	1290	0,88	880	423
3547640	2400	1290	0,97	970	446

HD-fjölnotaskófla

Vörunr.	Breidd [mm]	Opnun [mm]	Rúmmál [m ³]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3668320	1500	1320	0,62	770	341
3668330	1700	1320	0,71	870	372
3668340	2050	1320	0,85	1070	429
3668350	2200	1320	0,92	1140	458
3668360	2500	1320	1,0	1270	498

Taðkló

Vörunr.	Breidd [mm]	Fjöldi tinda að neðan	Opnun [mm]	Rúmmál, kúfað [m ³]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3429090	1300	7	1300	0,54	540	226
3429100	1500	8	1300	0,63	630	249
3429110	1700	9	1300	0,71	710	268
3429120	2050	11	1300	0,87	870	304
3430650	2400	13	1300	1,02	1020	355

8.1.9 Rúlluskeri

Vörunr.	Hæð (lokuð) [mm]	Hæð (opin) [mm]	Lengd [mm]	Breidd [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3591570	850	1750	1100	1820	1400	450

8.1.10 H-baggagreip

Vörunr.	Mesta/minnsta opnun [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
2364610	1850/900	1200	225

8.1.11 Pro H-baggagreip

Vörunr.	Breidd [mm]	Mesta/minnsta opnun [mm]	Virk dýpt [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3395020	1350	2050/650	1200	1000	305

8.1.12 Baggagreip

Vörunr.	Mesta/minnsta opnun [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3714810	1400/800	1100	146

8.1.13 Maxi-baggakló

Vörunr.	Mesta/minnsta opnun [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
2449950	1670/460	500	150

8.1.14 Rúllubaggagreip

Vörunr.	Gripsvæði [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
3573240	600 - 1850	1200	245

8.1.15 H-baggalyfta

Vörunr.	Hæðaraukning miðað við venjulega hæð [mm]	Leyfileg burðargeta [kg]	Þyngd [kg]
1339660	1400	500	260

8.2 Hávaði

Hljóðþrýstistig er undir 70 dB(A) (fer eftir dráttarvél).

8.3 Hersluátak fyrir skrúfur

Hersluátak fyrir skrúfur						
Skrúfgangur	Styrkleikaflokkur					
	8.8		10.9		12.9	
	Nm	lb-ft	Nm	lb-ft	Nm	lb-ft
M4	3	2	4.5	3	5	4
M6	11	8	15	11	17	13
M8	27	20	36	27	42	31
M8x1	29	21	38	28	45	33
M10	54	40	71	52	83	61
M10x1,25	57	42	75	55	87	64
M12	93	69	123	91	144	106
M12x1,5	97	72	128	94	150	111
M12x1,25	101	74	133	98	155	114
M14	148	109	195	144	229	169
M14x1,5	159	117	209	154	244	180
M16	230	170	302	223	354	261
M16x1,5	244	180	320	236	374	276
M18	329	243	421	311	492	363
M18x2	348	257	443	327	519	383
M18x1,5	368	271	465	343	544	401
M20	464	342	592	437	692	510
M20x2	488	360	619	457	724	534
M20x1,5	511	377	646	476	756	558
M22	634	468	807	595	945	697
M22x2	663	489	840	620	984	726
M22x1,5	692	510	873	644	1022	754
M24	798	589	1017	750	1190	878
M24x2	865	638	1095	808	1282	946
M27	1176	867	1496	1103	1750	1291
M27x2	1262	931	1594	1176	1866	1376
M30	1597	1178	2033	1499	2380	1755
M30x2	1756	1295	2216	1634	2594	1913
5/8" UNC (venjulegur)	230	170	302	223		
5/8" UNF (fíngerður)	244	180	320	236		
3/4" UNC (venjulegur)	464	342	592	437		
3/4" UNF (fíngerður)	511	377	646	476		



Gætið þess að skrúfgangurinn sé hreinn! Tilgreint hersluátak á við fyrir hreinar, þurrar og fitulausar skrúfur og skrúfganga.

9 Samræmisyfirlýsing

(samkvæmt EB-tilskipun 2006/42/EB, viðauka II 1. A)

Wilhelm STOLL Maschinenfabrik GmbH
Bahnhofstrasse 21
38268 Lengede, Þýskalandi

lýsir því hér með yfir að vinnuvélin samræmist eftirfarandi tilskipunum og samhæfðum stöðlum í því ástandi sem hún er afhent og sett á markað:

Heiti:	Verkfæri
Gerð:	Gripló, vörunúmer 3548990 Greip H með gripló, vörunúmer 3390260 Greiparskófla, vörunúmer 3687650, 3687660, 3687670, 3687680, 3687690 Förgunarskófla, vörunúmer 3591550, 3591560, 3602920, 3632970 UNI-greiparskófla, vörunúmer 3477620, 3477630, 3477640 Taðskófla, vörunúmer 3547610, 3547620, 3547630, 3547650, 3547640, 3668320, 3668330, 3668340, 3668350, 3668360 Taðkló, vörunúmer 3429090, 3429100, 3429110, 3429120, 3430650 Stæðuskeri, vörunúmer 3334760, 2449320, 3306680 Rúlluskeri, vörunúmer 3591570 H-baggagreip, vörunúmer 2364610 Pro H-baggagreip, vörunúmer 3395020 Baggagreip, vörunúmer 3714810 Maxi-baggakló, vörunúmer 2449950 Rúllubaggagreip, vörunúmer 3573240 H-baggalyfta, vörunúmer 1339660 Hliðarfærsla, vörunúmer 3614380, 3666450
Vélarnúmer:	5400000 til 5999999
Fyrirhuguð notkun:	Sem tengitæki flokkast verkfærið undir „umskiptanlegan búnað“ í skilningi tilskipunar 2006/42/EB um vélarbúnað. Verkfærið er sett upp með skiptigrind á ámoksturstækjum dráttarvéla til nota í landbúnaði og skógrækt og er notað við landbúnaðar- og skógræktarstörf. Frekari upplýsingar um fyrirhugaða notkun og notkunarskilyrði, lýsingu, virkni og frekari tæknilýsingu fyrir verkfærið er að finna í notendahandbókinni.

Vinnuvélin uppfyllir öll gildandi og viðeigandi ákvæði

- tilskipunar ráðsins 2006/42/EB um vélarbúnað,
- tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB um rafsegulsviðssamhæfi,
- tilskipunar 2014/68/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði.

Tækniskjöl hafa verið útbúin samkvæmt viðauka VII A í tilskipun 2006/42/EB og eru þau á ábyrgð yfirmanns þróunardeildar hjá Wilhelm STOLL Maschinenfabrik GmbH, Bahnhofstrasse 21, D-38268 Lengede.

Við hönnun og framleiðslu verkfærisins var notast við eftirfarandi samhæfða staðla sem auglýstir hafa verið í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

Samhæfðir staðlar	Dagsetning	Heiti staðals
DIN EN ISO 4254-1	2016-09	Landbúnaðarvélar – Öryggi – Hluti 1: Almennar kröfur
DIN EN ISO 4413	2011-04	Vökvaafiltækni – Almennar reglur og öryggiskröfur varðandi vökvakerfi og kerfishluta
DIN EN 12525	2011-02	Landbúnaðarvélar – Mokstursbúnaður framan á hjóladráttarvélar – Öryggi
DIN EN ISO 12100	2011-03	Öryggi véla – Almennar grunnreglur um hönnun, áhættumat og áhættuminnkun
DIN EN ISO 13857	2020-04	Öryggi véla – Öryggisfjarlægðir til að koma í veg fyrir að fótleggir og handleggir nái inn á hættusvæði
EN ISO 14982	2009-12	Vélar fyrir landbúnað og skógrækt – Rafsegulsviðssamhæfi – Prófunaraðferðir og viðtökuskilyrði

Lengede, 17.7.2020



Guido Marenbach
Framkvæmdastjóri



Peter Gotthard
Forstöðumaður þróunar- og gæðastjórnunar

Index

B

Baggagreip	11, 20, 61, 78, 85
Bílanir	72
Búnaðurinn tekinn aftur í notkun	82

E

EB-samræmisvottun	10
-----------------------------	----

F

Förgun	82
Förgunarskófla	11, 39, 76, 84
Fyrsta notkun	23, 27, 31, 32, 37, 40, 43, 47, 51, 55, 59, 61, 64, 67, 70

G

Gerðarskilti	7
Greip með gripkló	10, 30, 76, 84
Greiparskófla	10, 32, 76, 84
Gripkló	10, 27, 75, 84

H

Hætta þegar búnaðurinn er settur upp í fyrsta sinn	15
Hætta þegar verkfæri eru sett á og tekin af	15
Hætta vegna rafmagns	14
Hætta vegna útblásturs	14
Hætta vegna vélbúnaðar	13
Hætta vegna vökvabúnaðar	13, 14, 17
Hætta við meðhöndlun byrða	16
Hætta við meðhöndlun og flutning byrða	15
Hætta við notkun á moksturstækisins	16
Hætta við viðhald, viðgerðir, þrif og umhirðu	17
Hættusvæði	18
H-baggagreip	11, 54, 77, 85
H-baggalyfta	12, 69, 79, 86
HD-fjölnotaskófla	11, 46, 77
Hersluátak fyrir skúfur	87
Hliðarfærsla	10, 22, 75, 83
Hlíffðar- og öryggisbúnaður	18

M

Maxi-baggakló	12, 64, 78, 86
-------------------------	----------------

Ö

Öryggislímmiðar	19
Öryggisupplýsingar og viðvaranir	9

P

Pro H-baggagreip	11, 58, 78, 85
----------------------------	----------------

R

Rúllubaggagreip	12, 66, 78, 86
Rúlluskeri	11, 20, 50, 77, 85

S

Skoðanir áður en vinnuvélin er gangsett	25, 28
Smuráætlun	79
Stæðuskeri	11, 19, 43, 77, 84

T

Taðkló	11, 46, 77, 85
Taðskófla	11, 46, 77, 85
Takmarkanir á notkun	12

Þ

Þrif	75
----------------	----

U

UNI-greiparskófla	11, 36, 76, 84
-----------------------------	----------------

V

Varahlutir	83
Verkfæri tekin af	81
Viðbrögð í neyðartilvikum	21
Viðgerðir	80
Viðhald og viðgerðir	74
Viðhaldstímabil	79

Y

Yfirlit yfir skjöl	6
------------------------------	---

Heimilisfang söluaðila

Hér skal líma eða skrá raðnúmer



Wilhelm STOLL Maschinenfabrik GmbH

Pósthólf 1181, 38266 Lengede

Bahnhofstr. 21, 38268 Lengede

Sími: +49 (0) 53 44/20 222

Fax: +49 (0) 53 44/20 182

Netfang: info@stoll-germany.com

STOLL á netinu:

www.stoll-germany.com

www.facebook.com/STOLLFrontloader

www.youtube.com/STOLLFrontloader